


NETRÍKIÐ ÍSLAND

Sérblað um nýja stefnu um upplýsingasamfélagið og þróunarverkefni í rafrænni stjórnsýslu



24stundir

Hátt hlutfall nettengdra heimila á Íslandi Níu af hverjum tíu

Tölvur og internet eru stór hluti af daglegu lífi nærri því allra Íslendinga í starfi og leik. Í könnunum Hagstofunnar kemur í ljós að níu af hverjum tíu Íslendingum á aldrinum 16-74 nota tölvur og að auki eru nánast öll fyrirtæki hér á landi nettengd eða 97-100% fyrirtækja með 10 eða fleiri starfsmenn.

Til samanburðar má nefna að í aðildarlöndum Evrópusambandsins eru tölvur á um 62% heimila að meðaltali og aðeins 51% þeirra með internettingu.

Hagstofan mælir einnig tilgang netnotkunar og hann hefur lítið breyst og er aðallega að skiptast á póstsendingum, leita upplýsinga um vörur og þjónustu, blaðalestur og viðskipti í heimabanka.

Nær öll fyrirtæki hér á landi höfðu átt í samskiptum við opinbera aðila í gegnum net árið 2006. Það ár höfðu að meðaltali 64% fyrirtækja í ESB-löndum átt í samskiptum við hið opinbera. Hlutfall einstaklinga hér á landi í samskiptum við hið opinbera var hæst hér á landi eða 61% á móti 24% að meðaltali í ESB-löndum.



dista@24stundir.is

Rafræn viðskipti allra stofnana fyrir árslok Ekkert inn um lúguna

Íslenskt samfélag er komið einu skrefi nær því að rafvæða öll viðskipti í landinu með því að skilgreina form fyrir einfalda rafræna reikninga. Markmiðið er að allar stofnanir ríkisins geti tekið við rafrænum reikningum fyrir árslok 2008.

Í febrúar 2005 tóku gildi lög í Danmörku sem skyldu öllum fyrirtækjum landsins til að senda reikninga á rafrænu formi til ríkisins annars fengjust þeir ekki greiddir.



Aukning í rafrænni þjónustu síðustu ár 262 vefir skoðaðir

Í dag bjóða rúmlega 19% stofnana ríkisins upp á fullkomlega rafræna afgreiðslu.

Rafræn þjónusta opinberra aðila hefur aukist gífurlega frá árinu 2005 en árið 2003 buðu aðeins 3% upp á slíka þjónustu.

Þetta er ein af niðurstöðunum úr könnun sem forsætisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa látið gera á vefjum ríkis og sveitarfélaga árið 2007. Vefirnir voru metnir meðal annars með tiliti til þjónustu, innihalds, nýtsemi og aðgengis. Einnig voru skoðaðir möguleikar almennings til að fylgjast með og tjá sig um málefni stofnananna.

Skoðaðir voru 262 vefir ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga, að meðtöldum sérstökum þjónustuvefjum sem nokkrar stofnanir hafa komið sér upp.

Markmiðið með könnuninni var að fá heildstætt yfirlit yfir þá þjónustu sem er í boði á vefjum ríkis og sveitarfélaga en einnig að auka vitund opinberra aðila um það hvar þeir standa í samanburði við aðra og gefa betri hugmynd um möguleika og tækifæri sem felast í rafrænni þjónustu.

dista@24stundir.is



Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008-2012

Netríkið Ísland

„Það er sjálfsagt að þjónusta opinberra stofnana taki mið af þörfum samfélagsins og því tæknistigi sem þjóðin er á,“ segir forsætisráðherra, Geir Haarde, sem leiðir nýja og metnaðarfulla stefnu um upplýsingasamfélag sem ríkisstjórnin hefur nýlega samþykkt.

Netríkið Ísland er kjörorð nýrrar stefnu sem ríkisstjórnin samþykkti 22. apríl síðastliðinn. Í henni kemur fram skýr vilji og ásetningur stjórnvalda um að ná fram ákveðnum breytingum í þjónustu við almenning og fyrirtæki og nútímavæða stjórn-sýsluna. Stefnan er í góðu samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá árinu 2007, en þar kemur meðal annars fram:

Unnið verði að einföldun og nútímavæðingu stjórn-sýslunnar, aukinni notkun á upplýsingatekni til að bæta opinbera þjónustu, auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda.

Stöðumat – Opinber þjónusta á netinu er óviðunandi

Eðlilegt er að spurt sé hvort við Íslendingar séum ekki nú þegar í fremstu röð í notkun upplýsingatekni og því lítil pressa á að breytingar eigi sér stað. Við getum jafnvel velt því fyrir okkur hvort einhver þörf sé fyrir stefnu á þessu sviði.

Staðreyndin er sú að á mörgum sviðum tækninnar eru Íslendingar mjög vel staddir og í röð fremstu þjóða heims. Það á við um tölvu-eign, aðgengi að interneti og notkun á tölvum og interneti bæði hjá almenningi og fyrirtækjum. Kannanir sýna til dæmis að Íslendingar nýta vel alla þá rafrænu þjónustu sem í boði er hjá opinberum aðilum. Þessar upplýsingar eru mikilvægar því af þeim má ráða að þjóðin vill „afgreiða sig sjálf“ þar sem það er mögulegt. Hins vegar sýna margar kannanir að Íslendingar standa sig illa þegar skoðað er framboð á rafrænni þjónustu. Í könnun sem gerð var í Evrópu árið 2007 er Ísland í 22. sæti í hópi 31 þjóðar þegar skoðaðir eru 20 mikilvægir þjónustuþættir fyrir almenning og fyrirtæki. Kjarni málsins er að frammistaða Íslands eða íslenskrar stjórn-sýslu í rafrænni þjónustu er óviðunandi og úr því þarf að bæta.

Netþjónusta er forgangsmál í nýrri stefnu

Í hinni nýju stefnu er brugðist við og tekið á framboði á rafrænni þjónustu sem greinilega er okkar Akkílesarhæll. Framtíðarsýnin er skýr:

Íslendingar verði fremstir þjóða í rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatekinnar.



24stundir/Frikk

FYRRI STEFNUR:

- **1996: Framtíðarsýn ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið.**
- **2004: Auðlindir í allra þágu - Stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2008: Netríkið Ísland - Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008-2012.**

Og leiðarljós stefnunnar er: Notendavæn og skilvirk þjónusta – engar biðraðir.

Undirstaða stefnunnar er sterk því eins og áður hefur komið fram standa Íslendingar vel á mörgum sviðum upplýsingatekinnar. Það er einnig styrkleiki þessarar stefnu að hún var mótuð í samráði við ráðuneyti og hagsmunaaðila til að stuðla að því að hún yrði í senn skynsamleg, raunhæf og framkvæmanleg. Almenningsur átti að auki kost á að tjá sig um málið á vefnum Ísland.is.

Netríkið Ísland

Heiti stefnunnar er grípandi og visar til þess að alla opinbera þjónustu verði hægt að nálgast á netinu eftir því sem við á. Einnig visar það til þess að ríkið vinni sem ein heild eða eitt samhæft net en slík samhæfing er lykilatriði til að bæta

megi opinbera þjónustu, auka skilvirkni og stuðla að öflugri framþróun.

Framkvæmd stefnunnar

Stefnunni verður hrint í framkvæmd á árunum 2008-2012. Til þess að árangur náist þurfa lykilstjórnendur í ráðuneytum og stofnum að tileinka sér innihald hennar og fylgja henni eftir af einurð. Þessu verkefni er ekki hægt að vísa alfarið til tæknimanna því í grunninn snýst innleiðingin um eðlilega þróun og nútímavæðingu stjórn-sýslunnar.

Það er sjálfsagt að þjónusta opinberra stofnana taki mið af þörfum samfélagsins og því tæknistigi sem þjóðin er á. Því þurfum við að gera fólki kleift að afgreiða sig sjálf þannig að biðraðir og bið í stofnunum heyrir sögunni til. Það sparast mikill tími við það að lágmarka ferðalög fólks milli opinberra stofnana. Á tuttugustu og fyrstu öldinni eiga gögn að ferðast milli stofnana en ekki fólk.

Á hverju sviði eða stofnun eru sértæk úrlausnarefni og mun þar reyna á frumkvæði og hugkvæmni starfsmanna við að finna bestu leiðir. En margir þættir eru þess eðlis að mikilvægt er að stofnanir og ráðuneyti vinni saman til að niðurstaðan verði samhæft og skilvirkt kerfi sem endurspeglar heiti stefnunnar, Netríkið Ísland.



Vaxtalaus greiðslukjör í allt að 12 mánuði

(visa/euro) Engin útborgun

Sjónþækjafraeðingar með réttindi til sjónmælinga og linsumælinga

Gleraugað

Bláu húsin við Faxafen
Suðurlandsbraut 50
108 Reykjavík

Sími: 568 1800

gleraugad@simnet.is
www.gleraugad.is



ENEMM / SIA / IM3503

Aðgangur að gögnunum þínum hvar sem er

Fyrirtækjapóstur Símans er ein allra öflugasta tölvupóstþjónustan á markaðnum. Tölvupóstur, tengiliðir, dagbækur og gögn eru geymd á öruggum stað hjá Símanum og þú nærð í gögnin þín hvar og hvenær sem er. Þú getur verið áhyggjulaus ef fartölvun eða farsíminn týnist eða skemmist því gögnin þín eru áfram óhult og þú nærð í þau úr næstu nettengdri tölvu.

Tölvupóstinn getur þú nálgast á netinu hvar sem er í heiminum á þrjá vegu:

1. Á tölvunni þinni með Microsoft Outlook 2007 pósthöfundinu.
2. Í vefpósthúsi Símans á hvaða nettengdu tölvu sem er.
3. Með til dæmis Windows Mobile, BlackBerry eða öðrum farsímum sem styðja Active Sync.

Hringdu í Fyrirtækjaráðgjöf okkar í 800 4000 og prófaðu Fyrirtækjapóst Símans.

Það er Síminn 



Sími



Netið



Sjónvarp

Útgáfa rafrænna skilríkja hefst í sumar

Stuðla að öruggum samskiptum

Útgáfa rafrænna skilríkja, sem gilda munu í rafrænum samskiptum almennings, fyrirtækja og stofnana, hefst í sumar. Um er ræða samstarf fjármálaráðuneytis og banka og sparisjóða.

Eftir Sigurð Boga Sævarsson
sigbogi@simnet.is

Rafrænu skilríkin verða á debetkortum og verða notuð til auðkenningar og rafrænna undirskrifta, t.d. í heimabönkum, í samskiptum við skattayfirvöld, á rafrænum spjallrásum, í rafrænum viðskiptum og fleira en möguleikar með notkun slíkra skilríkja eru margvislegir. Útfærslan á útgáfu skilríkja rafrænu er sú að á hverju debetkortu verður komið fyrir örgjörva sem geymir m.a. skilríki með upplýsingum um hlutaðeigandi aðila eða einstakling, rétt eins og önnur skilríki. Með því að leggja kortið í kortalesara, sem tengdur verður t.d. við heimilistölvu, má nálgast ýmsa þjónustu sem er að finna eða verður að finna á netinu en væri að öðru leyti lokað fyrir.

Sá sem þú segist vera

„Fyrstu rafrænu skilríkin á debetkortu verða gefin út í sumar og svo fer þetta verkefni á fullt skrið með haustinu,“ segir Angantýr Einarsson, skrifstofustjóri rekstrar- og upplýsingaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hlutverk ráðuneytisins í verkefninu er meðal annars að byggja upp traust og tryggja öryggi við útgáfu skilríkja. „Það sem hér hangir á spýttunni er að auðvelda aðgengi að rafrænum upplýsingum, stuðla að öruggum samskiptum og gera fyrirtækjum og einstaklingum kleift að skrifa undir ýmsa gjörninga með rafrænum hætti,“ segir Angantýr. „Samskiptin þurfa að vera örugg, rekjanleg og tryggja þarf heilleika gagna, svo ekki sé hægt að efast um að þú sért sá sem þú segist vera eða að upplýsingum sé breytt í meðhöndlun aðila án þess að þær séu rekjanlegar.“

Þróunin er hröð

Íslendingar taka virkan þátt í hinni rafrænu stjórnsýslu. Má í því



Rafræn skilríki „Auðvelda aðgengi að rafrænum upplýsingum,“ segir Angantýr Einarsson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu.

RAFRÆN SKILRÍKI

- Rafræn skilríki verða á debetkortum og notuð til auðkenningar. Örgjafi í hverju korti.
- Skrifa undir ýmsa gjörninga með rafrænum hætti.

sambandi benda á að nú fylla út og skila um 90% landsmanna skattframtölum sínum á netinu og er það hlutfall hvergi hærra. Þá fara samskipti almennings og sveitarfélaganna stöðugt vaxandi. Má þar nefna að margir nota sér þjónustugáttina rafræna Reykjavík á vefsetri borgarinnar.

Nokkuð er síðan útgáfa rafrænna skilríkja hófst í Eistlandi. „Reynsla Eista á þessu sviði er afskaplega góð og þróunin er mjög hröð,“ segir Angantýr sem vonast til að tækniframfarir í rafrænum samskiptum opni enn fleiri möguleika en nú eru til staðar. Tæknidagsins í dag bjóði upp á gagnvirk samskipti til dæmis við skattayfirvöld og heimabanka. Gangi allt að óskum verði almenningi þó væntanlega mögulegt að nálgast þjónustu sýslumanna, Tryggingastofnunar og hugsanlega heilbrigðisstofnana en það sé þó undirorpið því að persónuöryggi og rekjanleiki í öllum samskiptum séu að fullu tryggð.

Umferðarpunktar

Ekki fara yfir á rauðu

Á vefnum logreglan.is er hægt að fræðast um sektir við umferðarlagabrotum og punktamissi. Á vefnum segir: Umferðarpunktar eru viðurlög við umferðarlagabrotum. Þetta á ekki við um öll umferðarlagabrot, heldur eru tínd til þau brot, sem varða öryggi í umferðinni. Veittir eru 1 til 4 umferðarpunktar fyrir brot, allt eftir eðli þess. Flestir umferðarpunktar eru fyrir akstur gegn rauðu ljósi og ofsaakstur eða 4 talsins. Umferðarpunktar eru óstaðfestir í upphafi, eða þar til lögreglan telur umferðarlagabrot sannað og stofnað hefur verið mál í málaskrá lögreglu vegna þess. Lögreglustjóri á síðan nokkra kosti á að ljúka málinu. Hann getur boðið þeim brotlega upp á að ljúka málinu með greiðslu sektarboðs í formi greiðsluseðils, sent sektargerð og boðið þeim brotlega upp á að við-



urkenna brot sitt og samþykkja viðurlög með nafnritun sinni eða hann getur gefið út ákæru. Umferðarpunktar hafa ekki vægi fyrir en þeir eru staðfestir.

Sjá nánar á vef lögreglunnar, logregla.is.

Góð þjónusta „Geta fengið flesta þá þjónustu sem er í boði á næstu lög-reglustöð,“ segir Jónas Ingi Pétursson, framkvæmdastjóri rekstrar hjá ríkislögreglustjóra.



Nýtt vefsetur lögreglunnar í smíðum

Þjónustan er útgangspunktur

Almenningi opnast fjölmargir möguleikar til gagnvirkra samskipta á nýju vefsetri lögreglunnar sem tekið verður í notkun síðar á þessu ári.

Eftir Sigurð Boga Sævarsson
sigbogi@simnet.is

„Við ætlum í loftið með vef þar sem borgararnir geta fengið flesta þá þjónustu sem er í boði á næstu lögreglustöð. Þar má sem dæmi nefna umsóknir á leyfum s.s. til skemmtanahalds og fleira. Þetta er framtíðin; í löndunum í kringum okkur er þjónusta lögreglu mjög að þróast í þessa átt,“ segir Jónas Ingi Pétursson, framkvæmdastjóri rekstrar hjá ríkislögreglustjóra.

Vettvangur fyrir ábendingar

Allmörg ár eru síðan vefsetrið www.logreglan.is var sett upp. Þar má nálgast fréttir, ýmsar almennar upplýsingar og ýmis eyðublöð fyrir þau leyfi sem lögreglan sér

NÝR LÖGREGLUVEFUR

- Gagnvirkur vefur lögreglunnar í hönnun.
- Vettvangur fyrir ábendingar og upplýsingar um ökuferil.
- Leita fyrirmynda hjá netlöggu ytra.

um útgáfu á. „Nú þarf að uppfæra þennan vef, enda eru möguleikar hans býsna takmarkaðir miðað við hvað nú eru gerðar kröfur um,“ segir Jónas.

Meðal þess sem verður á hinum nýja vef verður sérstök gátt þar sem fólk getur komið á framfæri málum sem lögreglunni ber að hafa umsjón með eða afskipti af. „Við hugsum þetta sem vettvang borgaranna til að koma með ábendingar um hugsanleg lögbrot eða annað. Í dag koma margir ábendingum á framfæri til dæmis með því að senda tölvupóst til einstakra lögreglumanna eða hringja í fíkniefnasímann eða 112. Vefurinn getur einnig nýst mjög vel sem gátt fyrir ábendingar til lögreglunnar,“ segir Jónas.

Hann bætir við að einnig sé ætlunin sú að almenningur geti í fyllingu tímans nálgast á vefsetrinu upplýsingar um sig og sitt; svo sem færslur í upplýsingar um eigin ökuferil eða aðrar skráðar upplýsingar hjá lögreglu. Í þessu sambandi sé þó mikilvægt að öllum öryggisatriðum sé fullnægt og þar séu rafræn persónuskilríki, sem væntanleg eru í sumar, lyklatríði.

Lögin á netinu

Netið er heill heimur út af fyrir sig. Þar - ekki síður en í raunheimum - er mikilvægt að fylgt sé skráðum sem óskráðum lögum. Bendir Jónas þar meðal annars á Noreg en þar hafa lögreglumenn vakt að fjölsóttar spjallrásir með tilliti til þess hvort þar séu barnaníðingar eða aðrir slíkir á sveimi. Þá starfrækir ítalska lögreglan stöð sem hvergi er til nema á netinu og hefur það verkefni fengið sérstaka viðurkenningu Evrópusambandsins. Til þessa og margs fleira sé horft í netmálum íslensku lögreglunnar þar sem þjónusta við borgarana er útgangspunktur.

Af vefnum logreglan.is

Neyðarvegabréf er mögulegt

Neyðarvegabréf skulu því aðeins gefin út að umsækjandi hafi ekki getað nýtt sér hraðafgreiðslu við útgáfu almenns vegabréfs.

Hafa ber hugfast að neyðarvegabréf eru ekki ákjósanlegustu ferðaskilríki sem völ er á og duga engan veginn sem fullgild skilríki til langvalar erlendis.

Tollgæslan í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sýslumenn, íslensk sendiráð og ræðismenn Íslands erlendis annast útgáfu á neyðarvegabréfum. Neyðarvegabréf gilda aldrei lengur en í 12 mánuði. Handhafa neyðarvegabréfs ber að skila því til lögreglu við komu til landsins. Umsækjendum er bent á að hafa meðferðis tvær myndir og að ætla sér góðan tíma ef sækja á um neyðarvegabréf við brottför frá landinu.



Gilt vegabréf Til að forðast vandræði er best að athuga vegabréfið sitt í tíma áður en haldið er til útlanda.

Nánari upplýsingar veitir Tollgæslan í síma 425-0659 allan sólarhringinn.

Unnt er að framlengja vegabréf sem nýlega hefur runnið út, þó ekki lengur en svo að upprunalegur gildistími þess framlengist um eitt ár. Sýslumenn og íslenskar

sendistofnanir erlendis annast þessa þjónustu umsækjendum að kostnaðarlausu á auglýstum afgreiðslutíma.

Standi valið milli þess að framlengja eldra vegabréf eða gefa út neyðarvegabréf skal eldra vegabréf framlengt.



KRAFTAVERK

Tákn um þekkingu

Teris er framsækið upplýsingafyrirtæki og leiðandi í þjónustu við fyrirtæki á fjármálamarkaði. Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar heildarlausnir og gegna lykilhlutverki á upplýsingatækni sviði þeirra.

Hlíðasmára 19
201 Kópavogur
Sími 563 3300
www.teris.is



Enga skrifinnsku meir!
Halla Björg segir rafræna
stjórnsýslu og bætt þjón-
ustustig koma öllum til góða.

Gögn ferðist á milli stofnana, ekki fólk

Nýir tímar

„Með nýrri stefnu ríkistjórn-
arinnar um upplýsingasamfélagið
renna upp nýir tímar,“ segir Halla
Björg Baldursdóttir, tölvunarfræð-
ingur og verkefnisstjóri í rafrænni
stjórnsýslu á skrifstofu upplýsinga-
samfélagsins í forsætisráðuneyti.
„Nú eiga gögn að ferðast á milli
stofnana en ekki fólk. Eitt af mark-
miðum stefnunnar er að innan
stjórnsýslunnar verði til samhæft
heildarskipulag og þarfir við-
skiptavina ráði því hvernig gögn
ferðist á milli.“

Halla Björg segir frá því að í dag
sé þjónustustig opinberra aðila
með öllu óásætlanlegt. „Upplýs-
ingar eru iðulega margskráðar á
mismunandi stofnunum og fólk er
orðið langþreytt á því að ferðast á
milli stofnana og eyða miklum
tíma í að ganga frá tiltölulega ein-
földum málum. Nýja stefnan snýst
um að laga þetta ástand,“ bætir
Halla við.

Minni skrifinnskubyrði

„Stöðlun, samræming, sam-
vinna milli stofnana og öryggi er
lykilatriði til að markmiðin verði
sem fyrst að veruleika,“ að sögn
Höllu Bjargar. „Mikilvægt er að
nýta upplýsingateknina til hins
ýtrasta til að einfalda alla ferla eins
og hægt er til að minnka skrif-
innskubyrði. Þegar hefur farið
fram talsverð undirbúningsvinna í
því skyni að ryðja úr vegi hindr-
unum fyrir því að hægt sé að veita
þjónustu á netinu og þeirri vinnu
þarf að halda áfram. Sem dæmi

um hindrun má nefna að til eru
lög og reglugerðir þar sem tekið er
sérstaklega fram að umsókn eða
upplýsingar skuli vera skráðar í
tvíriti. Slík lög þarf að endurskoða
samhliða því að stuðlað sé að frið-
helgi einkalífsins og persónuvernd
eins og áður.“

Allir saman í liði

„Við þurfum að fá alla saman í
lið,“ leggur Halla mikla áherslu á.
„Markmið okkar er bæði að bæta
þjónustu og einnig að auka gæði
hennar. Það verður ekki gert nema
stofnanir taki höndum saman og
vinni sem einn maður að mark-
miðinu.“

Aðspurð að því hvort aukin
sjálfvirkni muni verða til þess að
störfum fækki hjá hinu opinbera
svarar Halla Björg því til að þannig
hafi þróunin ekki verið hingað til,
heldur hafi störfin breyst og þá oft-
ast til hins betra. Nefna má sem
dæmi að ef fólk skráir sjálf inn
upplýsingar eða ef upplýsingar eru
forskráðar á umsóknir þá minnka
líkur á villum við endurskráningu.
Starfsfólk þarf þá ekki lengur að
eyða tíma sínum í leiðréttingar,
heldur getur einbeitt sér að fljót-
virkari og betri afgreiðslu erind-
isins.“

Halla Björg segir að unnið verði
að því að staðla og samræma að-
ferðir og verklag í rafrænni stjórn-
sýslu og baklandið verði með því
styrkt til muna til að auðvelda
stofnunum að innleiða komandi
breytingar.“ dista@24stundir.is

Ísland.is er miðlæg þjónustuveita

Afgreiðsla á einum stað og engar biðraðir

Ísland.is verður netmið-
stöð sem gefur yfirlit um
þjónustu opinberra aðila.
Þar verður einnig að-
gengi að upplýsingum og
þjónustu allra opinberra
stofnana á einum stað.
Verkefnisstjóri Ísland.is
er Rebekka Rán Samper
sem segir að Ísland.is
muni marka tímamót í
sögu þjónustu hins op-
inberra.

Eftir Kristjönu Guðbrandsdóttur
dista@24stundir.is

„Biðraðir í þjónustustofnunum
munu heyra sögunni til,“ segir Re-
bekka Rán um markmiðin með
þjónustuveitunni Ísland.is.

„Þarna verður á einum stað að-
gengi að upplýsingum og þjónustu
allra opinberra stofnana ríkisins,“
bætir hún við.

„Verkefnið er ef til vill víða-
meira en margir gera sér grein fyrir
því að Ísland.is verður aðgengi
að nánast öllum eyðublöðum rík-
isins á einum stað. Þá verður þar
að finna grunnupplýsingar um öll
sveitarfélög og stofnanir og hag-
nýtar upplýsingar um þá mála-
flokka sem vefurinn nær til sem og
fjöldi tilvísana í itarefni og þjón-
ustu sem finna má á vefjum ráðu-
neyta, stofnana og sveitarfélaga.“

Rebekka Rán Samper segir að
leiðarvísirinn og þjónustuveitan
Ísland.is muni marka tímamót í
sögu þjónustu hins opinbera því
þar verði lögð mikil áhersla á það
að sníða vefinn að þörfum not-
andans.

„Á Ísland.is verður hægt að af-
greiða sig sjálfur hvenær sem er,
hvar sem er og án tafar. Ísland.is
verður sjálfsafgreiðslumiðstöð
hins opinbera. Átt er við hvers
kyns þjónustu, umsóknir, vottorð,
tilkynningar, tímapantanir, gagna-
skil og fleira sem snýr að sam-
skiptum við opinbera aðila.“

Þá verður líka hægt að málgastr
upplýsingar sem snúa að hverjum
og einum, þar má til dæmis nefna
upplýsingar um einkunnir og gát-
lista hvað varðar ýmsa viðburði er
henda okkur í lífinu.“

Þjónusta fyrir fólk

Rebekka nefnir dæmi um einn
slíkan gátlista af mörgum. Gátlista



Ísland.is er fyrir alla Íslendinga Rebekka Rán Samper segir að í framtíðinni verði
vefsvæðið öflugt og marki tímamót í þjónustu hins opinbera.

ÍSLAND.IS FYRIR ALLA

➤ **Á Ísland.is eru upplýsingar
fyrir innflytjendur á nokkrum
tungumálum.**

➤ **Orðskýringar á Ísland.is
gagnast öllum notendum
þjónustuveitunnar, ekki síst
innflytjendum.**

➤ **Einnig er lögð áhersla á að Ís-
land.is nýtist öllum, þar á
meðal blindum, sjónskertum
og lesblindum.**

vegna andláts í fjölskyldunni.

„Á Ísland.is verður til dæmis
gátlisti sem tekur til alls þess er

þarf að gera þegar andlát verður í
fjölskyldunni. Þetta er einn af
mörgum þjónustuliðum sem
verður bætt við á Ísland.is.“

Samstarf mikilvægt

Ísland.is er samstarfsverkefni
ríkis og sveitarfélaga og hefur for-
sætisráðuneyti umsjón með verk-
inu. Rebekka Rán segir gríðarlega
mikilvægt að samstarf um að
koma þjónustunni á verði lipurt
og gott. Það verða allir að vera af
vilja gerðir til að koma að þessu
verkefni með opnum huga og
metnaði til að gera betur. „Mark-
miðið á að verða stórbætt þjón-
usta og hagræði fyrir alla.“

Sanngirni og gagnsæi

Tollkvótar á netinu

„Við ætlum okkur að gera tilboð
í tollkvóta rafrænt. Tilboðsaðilar
geta boðið í tollkvótana á netinu
og þannig fylgst með allri fram-
vindu mála, séð hvað ádrir eru að
bjóða hverju sinni. Þannig verður
gagnsæi betra og allt tilboðsferlið
sanngjarnara,“ segir Guðný Steina
Pétursdóttir hjá sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðuneyti.

Guðný Steina segir að mörgu að
huga þegar kemur að því að setja
uppboðin á netið. „Við munum
leggja í þá vinnu og þurfum að
finna gott kerfi til að nota. Norð-
menn hafa sín uppboð á netinu og
þaðan höfum við því ákveðna fyr-
irmynd og getum ef til vill sótt í
þeirra reynslu og þekkingu.“

Að sögn Guðnýjar fylgir ferlinu
nú töluverð pappírsvinna og því
verði mikið hagræði að breyting-



unni. „Þetta eru nauðsynlegar
breytingar sem verða öllum til
góðs,“ bætir hún við að lokum.

dista@24stundir.is

Kynjaskiptur vinnumarkaður

Kynið hefur áhrif á menntun og störf

Þrátt fyrir mikla jafnréttisbar-
áttu undanfarin ár er íslenskt
menntakerfi og vinnumarkaðurinn
mjög kynjaskiptur sem á móti get-
ur haft gríðarleg áhrif á samfélagið.
Flestir foreldrar vilja að börn sín
leiti sér að vinnu eða sækji nám eftir
áhuga en ekki eftir því hvað tíðk-
ast fyrir viðkomandi kyn. Á síð-
unni

Jafnrétti.felagsmalaraduneyti.is má
finna upplýsingar og góðar hug-
myndir fyrir kynjameðvitaðar leið-
beiningar varðandi menntun og
störf fyrir stráka og stúlkur. Til-
gangurinn er að foreldrar, kennarar
og ráðgjafar, sem eiga að ráð-
leggja ungmennum varðandi
menntun og störf, geti hér fundið
efni til umhugsunar og innblást-
urs.

Það er nauðsynlegt að þeir sem



Framtíðin Hætta er á að
kyn verði afgerandi þáttur í
vali á menntun og störfum.

umgangast ungt fólk hafi þetta í
huga þar sem þessi kynjaskipting
getur haft margvísleg áhrif, þar á
meðal að kynið verði afgerandi
þáttur í vali á menntun og störfum
frekar en hæfileikar og langanir, að
margir karlar og margar konur
vinni eingöngu með fólk af sama
kyni, að reynsla, þekking og hæfi-

leikar beggja kynja nýtist ekki til
fulls á öllum sviðum, að kynja-
skipting vinnumarkaðarins sé
meginástæða mismunandi at-
vinnutekna karla og kvenna og að
það sé flöskuháls á einu sviði á
sama tíma og atvinnuleysi ríkir á
öðru sviði.

svanhvit@24stundir.is



Samræmt viðmót ...

Samþætting upplýsingakerfa í eitt viðmót

Með portallausnum Nýherja er hægt að samþætta ólík upplýsingakerfi fyrirtækisins og veita aðgang að þeim í einu samræmdu viðmóti. Afraksturinn er einfaldari viðskiptaferlar og skilvirkara upplýsingaflæði innan sem utan fyrirtækisins. Hver notandi hefur sérsniðið viðmót sem veitir aðgang að verkferlum og upplýsingum eftir þörfum hvers og eins. Þetta hefur í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir fyrirtækið, starfsmenn og viðskiptavini.

“IBM WebSphere Portal myndar grunn að framtíðarvinnuumhverfi starfsmanna Icelandair. Okkur hefur þegar tekist að auka aðgengi starfsfólks að mikilvægum upplýsingum og þannig aukið starfsánægju og skilvirkni í upplýsingaflæði innan fyrirtækisins.”

Hjörtur Þorgilsson, upplýsingatæknistjóri Icelandair

Hafðu samband við ráðgjafa Nýherja í síma 569 7700 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lausnir@nyherji.is.

Hlutverk Nýherja er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan hugbúnað, tölvu- og skrifstofubúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Hjá Nýherjasamstæðunni eru 740 starfsmenn sem starfa hjá yfir 20 fyrirtækjum samtæðunnar í fjórum löndum.



NÝHERJI



Góð reynsla af Rafrænni Reykjavíkur

Í einum smelli

„Sérstaða Rafrænnar Reykjavíkur felst í umfangi þjónustunnar og síaukinni áherslu á sjálfvirkni og sjálfsafgreiðslu,“ segir Álfheiður Eymarsdóttir hjá Reykjavíkurborg.

Kristjana Guðbrandsdóttir
dista@24stundir.is

Rafræn Reykjavík er einkasvæði íbúa á vef Reykjavíkurborgar (www.reykjavik.is) þar sem hægt er að sækja um þjónustu borgarinnar. Rafræn Reykjavík hefur verið frá árinu 2004 og er nú í fararbroddi varðandi rafræna stjórnsýslu hér á landi. Á vefsvæðinu Rafræn Reykjavík er hægt að sækja um byggingarleyfi, leikskólapláss, ferðastyrk í gegnum Reykjavík Loftbrú og eignaskiptayfirlýsingu, svo nokkrar umsóknir séu nefndar. Fjórar umsóknanna eru algagnvirkar. Það eru umsóknir um grunnskóla, tónlistarskóla, frístundaheimili og sumarstörf hjá Vinnumiðlun ungs fólks.

20.000 manns á mínum síðum

Íbúar geta skráð sig inn í Rafrænu Reykjavík, fyllt út umsókn rafrænt og fylgst með afgreiðslu hennar. Með því að fara inn á „mínar síður“ er hægt að sjá stöðu mála og fylgjast með skilaboðum sem eru send út þegar staða umsóknar breytist.

„Í dag eru rúmlega 20.000 borgarar með aðgang að mínum síðum og fer ört fjölgandi,“ segir Álfheiður. „Reynsla af Rafrænni Reykjavík er afar góð og greinilegt að fólk er ánægt með þjónustuna því eftirspurn er eftir aukinni vefþjónustu sem við munum verða við. Við höfum brennandi áhuga á því að halda áfram að efla og bæta rafræna þjónustu því við skiljum hversu mikið hagræði borgarar hafa af því. Allir hagnast á sjálfsafgreiðslu á vef.“

Sterkur vilji

„Viljinn er mikill innan borgarinnar til að vera í fremstu röð hvað varðar sjálfsafgreiðslu íbúa og við höldum áfram að auka framboð á slíkri þjónustu,“ segir Álfheiður og bætir við að auðvitað séu hindranir í veginum sem þurfi að leysa hið snarasta. „Við litum á öll þessi vandamál sem tækifæri og

MEST SKOÐAÐ:

- Á www.reykjavik.is er mest umferð um vefsvæði mennta- og leikskólasviðs og ÍTR.
- Þá er mikil umferð um störf í boði á vegum borgarinnar og nýtt vefsvæði 1, 2 og Reykjavík er töluvert heimsótt.

ætlum okkur að leysa þau til hagsbóta fyrir alla. Við getum til dæmis nefnt að við eigum enga haldþæra lausn til þegar þörf er á fleiri en einni rafrænni undirskrift. Þá þarf að greiða úr ýmiss konar flækjum er varða tengingar og samstarf við fyrirtæki og stofnanir.“

Mörg spennandi verkefni

Álfheiður segir verkefnið ótalmörg, lítil og stór. „Í haust verður til að mynda opnað fyrir fyrirtækjaadgang í Rafrænni Reykjavík sem þýðir að fyrirtæki geta sótt um þjónustu, greitt reikninga og fylgst með afgreiðslu mála er varða þau. Þá er öll fyrirgreiðsla um frístundakortin komin á vefsvæðið auk þess sem borgarar geta nálgast upplýsingar um fasteignagjöld og greitt þau. Þá viljum við auka notkun smáskilaboða í tengslum við ýmiss konar þjónustu. Við gerðum tilraun með notkun þeirra á einni þjónustumiðstöðinni hér í borg þar sem minnt var á tímamótanir. Afföllin minnkuðu við það um 30% sem sýnir hagræði sem skapast af þjónustunni. Þau verkefni sem hér hafa verið nefnd og önnur sem eru í smíðum munu efla Rafræna Reykjavík enn frekar, íbúar borgarinnar fá aukinn aðgang að þjónustu borgarinnar og finna fyrir því að hún sé skilvirk, á sama tíma eykst hagkvæmni í rekstri borgarinnar,“ segir Álfheiður.

Prenns konar aðgengi

Álfheiður segir að Reykjavíkurborg leggi áherslu á að greiða götu viðskiptavina að þjónustu með þrenns konar aðgengi. Í fyrsta lagi með þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar. Í öðru lagi veitir Síamaverið 4 11 11 11 upplýsingar og gefur samband við öll svið borgarinnar. Þriðja leiðin að þjónustu Reykjavíkurborgar er Rafræna Reykjavík og þar er að finna allar helstu umsóknir um þjónustu. „Að sjálfsögðu erum við í stöðugri framþróun,“ bætir Álfheiður við að lokum.



Rafræn stjórnsýsla í þróun hjá TR

Tryggur boðar bragarbót

Mikil þróunarvinna á sviði rafrænnar stjórnsýslu og gagnvirkra samskipta á sér stað hjá Tryggingastofnun ríkisins. Nýr þjónustuvefur fer í loftið á næstunni.

Eftir Sigurð Boga Sævarsson
sigbogi@simnet.is

„Okkar stefna er sú að innan fjögurra ára geti fólk nálgast alla þjónustu Tryggingastofnunar rafrænt, ef því hentar svo,“ segir Bragi L. Hauksson, verkefnastjóri rafrænnar stjórnsýslu hjá TR. Tryggur, þjónustuvefurinn nýi, mun bjóða upp á þann möguleika að hægt verði að senda inn hvers kyns umsóknir og fá mál afgreidd þannig. Einnig á fólk að geta skoðað gögn og stöðu sinna mála á vettvangi TR.

Smalar saman gögnum

„Tryggur, líkt og traustur fjárhundur, mun þegar fram líða stundir einnig smala saman öllum gögnum og samskiptum viðkomandi við TR. Lykilatriðið er þó að fólk hefur val. Áfram verður hægt að fá þjónustu með því að mæta á afgreiðslustaði stofnunarinnar enda þótt rafræn þjónusta ætti að vera besti kosturinn fyrir stærstan hluta viðskiptavina,“ segir Bragi og bætir við að rafræn skilríki muni léttja og efla rafræna stjórnsýslu. Lítil útbreiðsla þeirra hafi þó allt of lengi verið notuð sem afsökun fyrir slægri frammi-stöðu stofnana við að bjóða viðskiptavinum þjónustu yfir netið. Margt sé hægt að gera án rafræna skilríkja og þar sé þjónusta skattkerfisins gleggsta dæmið.

„Auðkenning inn á Trygg verður til að mynda í samvinnu við forsætisráðuneytið og vefsetrið island.is og ríkisskattstjóra. Fólk mun geta auðkennt sig með sama veflykli og það nýtir við skattframtal en um leið og almenn dreifing rafræna skilríkja á debetkortum hefst verður einnig boðið upp á auðkenningu með þeim hætti. Rafræn undirskrift með rafrænum skilríkjum getur verið mikilvæg í sumum tilvikum

FRAMTÍÐIN

- Öll þjónusta rafræn innan fjögurra ára.
- Áhrif aukatekna sjáist strax.
- Allar upplýsingar aðgengilegar.

en undirritun með veflykli er oft nægjanleg, þótt hún hafi ekki óhrekjanleika undirskriftar með rafrænum skilríkjum.“

Ábendingar og stuðningur

TR er með öflugan upplýsingavef en möguleikar hans til gagnvirkra samskipta eru litlir. Hægt er að sækja um Evrópska sjúkratryggingakortið á vefnum og apótek hafa um árabíl getað sent lyfseðla rafrænt til TR og sjúkrabjálfarar reikninga sína. Nú verður hins vegar gerð bragarbót á sem ætti að geta leyst úr mörgum flækjum. Í dag þurfa lífeyrisþegar til dæmis að senda inn á pappír tekjuáætlanir sem bótagreiðslur þeirra reiknast út frá, séu drög sem send eru út ekki rétt. Nú munu lífeyrisþegar geta sent þessar áætlanir beint yfir netið og njóta ábendinga og stuðnings þar.

Áætlun og útreikningur strax

„Ef viðskiptavinir eru með aukatekjur sem hafa áhrif á greiðslur þá sjá þeir áhrifin strax með bráðabirgðaútreikningi sem hægt er að fá hvenær sem er við útfyllingu tekjuáætlunar,“ segir Bragi og heldur áfram:

„Þá getur fólk gert sín plön í samræmi við útreikning og sent nýja áætlun ef aðstæður breytast. Von okkar hjá TR er sú, að þetta geti dregið úr því að greiðslur til viðskiptavina okkar séu of eða van. Sjaldnarn komi til þess að fólk fái bakreikninga vegna ofgreiðslna. Þá ætti nýr vefur sömu-leiðis að geta dregið úr pappírsvafstri. Hluti upplýsinga frá heilbrigðisstofnunum sem skipta máli vegna afsláttarkorta berst nú þegar rafrænt til TR og unnið er að því að þetta það enn frekar. Allar upplýsingar um viðkomandi sem streyma til okkar, til dæmis í formi kvittana, verða í framtíðinni aðgengilegar fyrir viðskiptavinum á Trygg. Þjónusta og



persónuvernd togast oft á, en það má hugsa sér að viðskiptavinur geti einnig að einhverju marki stýrt aðgangi heilbrigðisstarfsmanna að gögnum um sig. Gögnin sjálf þurfa ekki endilega að vera á einhverju korti, en gætu verið aðgengileg í krafti rafræna skilríkja yfir netið.“

Barnabörnin hjálpa

Tölvuþekking fólks er misjöfn og nýting rafrænnar þjónustu markast vitanlega af því. Bragi Hauksson segir kannanir sýna að tölvulæsi viðskiptavina TR sé nokkru lakara en gengur og gerist, en starfsfólk stofnunarinnar mun standa þétt við bakið á viðskiptavinum og aðstoða þá. Tíminn vinni sömuleiðis með þróuninni

„Fyrir nokkrum árum hefði ég helst haft áhyggjur af þeim elstu, en reynsla mín úr starfi hjá ríkisskattstjóra segir mér að eldra fólk tileinkar sér tæknina þýsnu hratt og þá gjarnan með aðstoð til dæmis barnabarnanna og nú skila 90% landsmanna framtali sínu á netinu. Með vel uppbyggðum þjónustuvef TR með góðu aðgengi fyrir fatlaða verður sömuleiðis mun auðveldara að gera hlutina rafrænt en á pappír og allar leiðbeiningar eru skýrari. Auðvitað munu alltaf einhverjir vilja koma á afgreiðslustað og því fólk höfum við betri tök og tíma til að sinna þegar þeim fjólgar sem nýta sér hin rafrænu þægindi.“



Komdu á netpósthúsið www.postur.is

■ Finna sendingu

Hér getur þú með einföldum hætti fundið út hvar sendingin þín er. Hægt er að finna sendingar jafnt innanlands sem utan.

■ Netsamtal við þjónustufulltrúa

Netsamtal við þjónustufulltrúa er liður í aukinni þjónustu okkar. Þjónustufulltrúar liðsinna þér með ráðgjöf og veita þér upplýsingar um þjónustu Póstsins.

■ Breyta heimilisfangi

Við áframsendum almennan bréfaþóst fyrir þá sem eru að flytja, bæði innanlands og erlendis. Almennar sendingar sem eru stílaðar á gamla heimilisfangið eru þá sendar áfram á nýja heimilisfangið.

■ Biðpóstur í fríinu

Við geymum almennar bréfasendingar fyrir þig meðan þú ert í fríi eða áframsendum til þín á umbeðið pósthús.



Bókasöfn landsins sækja í sig veðrið á netinu og halda úti mörgum vefsíðum

Árveknipjónusta næsta skrefið

Hjá Landskerfi bókasafna og Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni er í bígerð að koma upp árveknipjónustu í Gegni. Með þjónustunni verða notendur látnir vita þegar nýtt efni á þeirra áhugasviði kemur á bókasafnið og mun hún spara bæði notendum og starfsfólki tíma.

Eftir Maríu Ólafsdóttur
maria@24stundir.is

„Starfsmenn bókasafna hafa lengi talað um að setja upp svona þjónustu og víða erlendis er hún komin í gagn. Hérlandis erum við í startholunum og erum að skoða þá möguleika sem við höfum til að koma upp þjónustunni hér. Okkur hugnast vel sú hugsun að setja þjónustuna inn í Gegni sem er bókasafnskerfi fyrir allt landið en ef til vill mun hún þurfa að vera utánálíggjandi sérþúnaður,“ segir Ingibjörg Steinunn Sværisdóttir landsbókavörður.

Eftirspurn meðal fræðimanna

Ingibjörg segir slíka þjónustu vera sjálfsagða í því netsamfélagi sem við búum í. Þegar fólk skráir sig í þjónustuna skilgreinir það þá flokka efnis sem það hefur áhuga á, til að mynda guðfræði, stærðfræði, ættfræði eða ljóð svo eitthvað sé nefnt. Notandinn fær síðan tilkynningu um nýtt efni í



tölvupósti en einnig verður hægt að fá tilkynningar um nýja tónlist, kvikmyndir og annað sem söfnin bjóða upp á. „Þjónustan getur nýst vel fyrir fræðimenn sem vilja fylgjast með í sínu fagi og fyrirspurnir um þjónustuna hafa komið frá þeim hópi. Einnig mun hún nýtast vel fyrir hinn almenna borgara sem vill fylgjast með sínum áhugamálum eins og veði eða ljósmyndun svo dæmi séu tekin. Þá mun það spara mik-

ÁRVEKNIÞJÓNUSTA

- ▶ Á vefnum timarit.is hafa nú öll íslensk tímarit til ársins 1920 verið færð inn.
- ▶ Bókasafnið heldur úti vefnum kort.is með gömlum íslenskum kortum.
- ▶ Fólk skráir sig í þjónustuna og skilgreinir þá flokka efnis sem það hefur áhuga á.

inn tíma fyrir starfsfólk að þurfa ekki að taka efni frá handvirkri eins og nú er gert og eins veita aukna möguleika á öðruvísi upplýsingaþjónustu með nákvæmari leit,“ segir Ingibjörg.

Íslensk bókasöfn framarlega

Íslensk bókasöfn standa vel að vígi í upplýsingasamfélaginu. Í fyrsta lagi ber að nefna gegni.is sem er heildarkerfi yfir safnkost flestra bókasafna í landinu þar sem hægt er að sjá hvað er til. Þá rekur Landsbókasafn hvar.is þar sem allir landsmenn hafa aðgang að erlendu, rafrænu efni svo sem tímaritum og gagnasöfnum. Bókasöfnin í landinu greiða að mestu leyti fyrir aðganginn en einnig taka margar stofnanir og einkafyrirtæki þátt í kostnaðinum. Í landsaðganginum er veittur aðgangur að öllu því erlenda fræðsluefni sem er nauðsynleg undirstaða fyrir rannsóknir, framhaldsmenntun og nýsköpun í landinu. Í þriðja lagi er Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn smám saman að færa íslenska menningararfinn í stafrænt form og í sambandi við það bendir Ingibjörg á vefsíðuna timarit.is. Þar er búið að færa inn öll íslensk tímarit til ársins 1920 og einnig er verið að setja inn íslensku dagblöðin hvert af öðru. Segist Ingibjörg reikna með að öll dagblöð fram til ársins 2000 verði komin inn á síðuna innan tveggja ára, en nú er unnið að því að

endurskoða vefinn og bæta útlit hans.

Auðvelt leitarkerfi

Nú er unnið að því að bæta leit á timarit.is með því að ljóslesa gögnin þannig að hægt sé að leita eftir einstöku leitarorði í stað tölublaðs eða blaðsíðunúmers. Einnig heldur bókasafnið út vefnum kort.is þar sem gömlum íslenskum kortum hefur verið safnað saman og sagnanet.is þar sem finna má íslensk handrit og efni um þau. Eins eru uppi áætlanir um að setja allar prentaðar bækur á netið og fíkra sig áfram við það smám saman.

Fagna pdf-skjölum

„Nýjasta nýtt hjá okkur er að safna saman öllum vefsíðum sem enda á punktur.is. Tæknin gerir okkur kleift að safna þeim saman en við höfum ekki náð svo langt að geta leitað í síðunum eða opn- að þær og munum fá til okkar erlendan sérfræðing í sumar til aðstoðar við það. Þá höfum við safnað saman fréttum af atburðum í kringum alþingis- og sveitarstjórnarkosningar og sett saman í smærri, afmörkuð söfn. Loks viljum við taka á móti rafrænni útgáfu s.s. þeim vefritum sem nú eru komin á netið og viljum einnig gjarnan fá pdf-skjöl af prentuðum bókum og dagblöðum og erum nú að undirbúa okkur undir að taka á móti slíkum skjölum,“ segir Ingibjörg.



TÖLVUNARFRÆÐI

KEMUR ÞÉR Á KORTIÐ

HJÁ ATVINNULÍFINU

Tölvunarfræði er afar fjölbreytt fagsvið sem býður upp á marga valkosti fyrir nám og störf, allt frá hagnýtum verkefnum til fræðilegra, frá umsýslu tölvukerfa til smíði flókinnar hugbúnaðarkerfa, frá forritun til stjórnuar. Tölvunarfræðinám er góður grunnur fyrir starfsferil á fjölmörgum sviðum.

Tölvunarfræðinám við Háskólann í Reykjavík einkennist af fjölbreytileika og skapandi umhverfi þar sem nemendum gefst kostur á að vinna verkefni í nánum tengslum við fræðimenn og fyrirtæki. Við bjóðum nýja nemendur velkomna til náms og starfa við öflugustu tölvunarfræðideild landsins.

Tölvunarfræðideild HR býður upp á nám í

- BSc í tölvunarfræði (90 einingar)
- BSc í hugbúnaðarverkfræði (90 einingar)
- BSc í stærðfræði (90 einingar)
- MSc í tölvunarfræði
- MSc í hugbúnaðarverkfræði
- MSc í máltækni
- PhD í tölvunarfræði
- Kerfisfræðigráða (60 eininga nám í fjarnámi og með vinnu)

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Einkaleyfistofa skipuleggur næsta skref

Áformar rafrænar umsóknir

Einkaleyfastofan áformar nú að hægt verði að leggja inn umsóknir um vörumerki, hönnun, einkaleyfi og greiðslur á rafrænu formi. Einkaleyfastofa var sett á laggirnar 1. júlí 1991 og tók þá við hlutverki einkaleyfa- og vörumerkjadeildar iðnaðarráðuneytisins. Hlutverk stofnunarinnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðamerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar.

ELS-tíðindi

Í blaði sem Einkaleyfastofan gefur út einu sinni í mánuði (ELS-tíðindi) eru birtar auglýsingar og tilkynningar er varða umsóknir og skráningar á sviði einkaleyfa, vöru-



merkja, byggðamerkja og hönnunar. Blaðið er birt á heimasíðu einkaleyfastofu um leið og það kemur út en er einnig fánlegt í prentuðu formi.

Office 1 Superstore

Skrifstofuvörurnar eru í Office 1



HP Fartölva

Vörunúmer: okkb366ea
AMD Turion 64 X2 TL-58 örgjörvi
15,4" WXGA 1280x800 Brightview skjár
nVidia GeForce G84 128MB skjástýring
2GB DDR2 vinnsluminni
500GB harður diskur
DVD skrifari DL
Innbyggð vefmyndavél og hljóðnemi
Innbyggt Bluetooth
HDMI tengi
Fjarstýring og infrarautt tengi.
Microsoft Windows Vista Home Premium
Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð

119.900

Verð áður 139.900

20.000 kr lækkun!



Case Logic fartölvutaska

Vörunúmer: 108ncr2
Fyrir allt að 15,4" fartölvur

Verð áður 6.999

3.999

Golla fartölvutaska

Vörunúmer: tvgo31496
Fyrir allt að 15,4" fartölvur

6.999



Práðlaus

HP Photosmart C4380

Vörunúmer: OKHPCC281B
Prentari-skanni-fjölföldun. Prentar á jaðar pappírs
Innbyggður kortalesari
Práðlaust Ethernet 802.11

17.990



HP LaserJet P1005

Vörunúmer: okCB410A
Prenthraði: 14 bls, á mín fyrsta síða eftir
9 sek Örgjörvi: 266 MHz

Verð áður 16.999

14.990



HP Lita-laser 1215

Vörunúmer: okCC376A
12 bls á mín svart 8 bls á mín litur
Örgjörvi: 264 MHz
Upplausn: HP ImageREt 2400
Tengi: USB Hi-Speed

Verð áður 34.999

29.990



HP Lita-laser 1515n

Vörunúmer: OKCC377A
12 bls á mín svart 8 bls á mín litur
Örgjörvi: 450 MHz Upplausn: HP
ImageREt 3600 Tengir: USB Hi-Speed,
10/100Base-TX netkort

Verð áður 49.999

39.999

innbyggt netkort



40% lækkun! afsláttur!

Peach A4 plöstinarvél

Vörunúmer: 707pl704

Hraði 300mm á mínútu 2gja ára ábyrgð

Verð áður 7.999 **4.999**

Casio strímlavél thermal



Vörunúmer: hecasdr240
Hljóðlát og hraðvirk
strímlavél. 14 tölustafir á
skjá. Prenthraði 8 línur á
sekúndu Einfalt að
leiðrétta innsláttarvillur

14.999



40% lækkun! afsláttur!

Peach pappírstætari

Vörunúmer: 707ps500-01

Tekur allt að 5 blöð í einu
Stærð 17L Öryggi: Din 3

Verð áður 7.999

4.999

Office 1 hringinn í kringum landið:

Skeifunni 17 s: 550-4110, Smáralind s: 550-4140, Hafnarfjörður s: 550-4120, Akureyri s: 550-4150,
Ísafirði s: 550-4170, Egilsstöðum s: 550-4160, Vestmannaeyjum s: 550-4180, Selfossi s: 550-4190

Öflug fyrirtækjapjónusta sími: 550-4111 pontun@office1.is

Upplýsingar Fyrstu skrefin í nýju landi geta verið erfið og því gott að hafa bæking sér til upplýsingar.



Upplýsingar fyrir innflytjendur Fyrstu skrefin í nýju landi

Það er að mörgu að huga þegar flutt er á milli landa og það getur verið erfið að átta sig á hvert er best að leita. Þessi leit getur verið sérstaklega flókin ef tungumálakunnáttan er lítil sem engin.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur látið útbúa bækinginn Fyrstu skrefin en markmið hans er að veita innflytjendum allar nauðsynlegar upplýsingar um íslenskt samfélag strax við komuna til landsins. Bækinginn má finna á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

Bækingurinn er þýddur á níu tungumál en textinn er ævinlega birtur bæði á íslensku og hinu erlenda tungumáli. Með þeim hætti getur hann nýst starfsfólki sem vinnur með innflytjendum við að kynna þeim íslenskt samfélag. Á sama hátt hefur útlendingurinn alltaf íslenska textann til hliðar þegar hann kynnir sér bækinginn

á hinu erlenda tungumáli.

Tungumálin níu sem finna má í bækingnum eru enska, pólska, litháíska, vietnamska, rússneska, tailenska, þýska, spænska og serbneska.

Bækingurinn er án vafa mjög mikilvægur fyrir alla innflytjendur enda er þar fjallað um það sem mikilvægast er að huga að við komuna til landsins, svo sem kennitölu, dvalarleyfi, atvinnuleyfi, lögheimili, skattkort og tryggingar. Einnig er almennum réttindum og skyldum á Íslandi lýst, greint frá félagsþjónustu, heilsugæslu, húsnæði, skólakerfinu og íslenskukennslu. Í bækingnum má líka finna heimilisföng, símanúmer og netföng helstu stofnana sem tengjast mállefnum innflytjenda og yfirlit yfir helstu hjálpsamtök þegar eitt-hvað þjatar á.

svanhvit@24stundir.is

Stórtækur aðgerðalisti Guðbjörg segir frá því hvað ný stefna um upplýsingasamfélag inniheldur umfram fyrri stefnur.



Hvað er nýtt í stefnunni um upplýsingasamfélagið?

Stóraukið framboð á rafrænni þjónustu

„Stefnan Netríkið Ísland er hnitmiðaðri en fyrri stefnur,“ segir Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri upplýsingasamfélagsins í forsætisráðuneyti og formaður nefndar um mótun nýrrar stefnu um upplýsingasamfélagið.

Eftir Kristjönu Guðbrandsdóttur dista@24stundir.is

DÆMI UM ÞJÓNUSTU:

- ▶ Tilkynning um búferlaflutninga innanlands, fæðing- og fæðingarsamtök, hjúskaparstöðuvottorð, ásamt annarri þjónustu Þjóðskrár.
- ▶ Umsóknir vegna atvinnuleysisbóta, fæðingar- og foreldraorlofs.
- ▶ Umsóknir um byggingarleyfi, þinglýsingar, veðbókavottorð og fleira.

afgreiða sig sjálf þar sem það er mögulegt. Því fylgir mikil hagræðing, bæði fyrir almenning og ekki síður fyrir fyrirtækin í landinu.

Stórtækur aðgerðalisti

Guðbjörg segir stefnuna byggja á þremur stöðum, þjónustu, skilvirkni og framþróun.

„Hverri stoð fylgja markmið og aðgerðalisti en ráðist verður í 65 aðgerðir á framkvæmdatíma stefnunnar. Stærstur hluti þessara aðgerða snýr að sjálfsafgreiðslu á netinu.

Sem dæmi um aðgerðir má nefna að hjá Þjóðskrá verður hægt að skrá búferlaflutninga á netinu, sækja um fæðingarsamtök og hjúskaparstöðuvottorð. Þá má einnig nefna ýmiss konar umsóknir, til dæmis um fæðingar- og foreldraorlof, atvinnuleysisbætur og flesta þá þjónustu sem almenningur og fyrirtæki sækja til ríkisins og hægt er að veita gegnum netið.

Þá hefur einnig verið settur upp aðgerðalisti vegna netmiðstöðvarinnar island.is, upplýsingaþjónustu þar sem til dæmis verður minnt á endurnýjun skilríkja og margt fleira og aðgerðir er taka til aukinna gæða fyrir netborgarann.

„Þetta er í þriðja sinn sem við mörkum stefnu um upplýsingasamfélagið,“ segir Guðbjörg. „Íslendingar eru í röð fremstu þjóða í flestum ef ekki öllum öðrum þáttum upplýsingatekninnar að undanskilinni rafrænni þjónustu.


Hér á landi býr þjóð sem er mjög áhugasöm um að nota upplýsingateknina og þar sem mæld er notkun á upplýsingatekni, notkun á tölvum og interneti eru Íslendingar alltaf í efstu sætum. Hins vegar er staðan önnur þegar mælt er framboð á rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatekni því þar situm við eftir. Í þessu felast tækifæri og Íslendingar hafa alla möguleika á að verða fremstir þjóða í

rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatekni,“ segir Guðbjörg um stöðu Íslands miðað við aðrar þjóðir.

Sjálfsafgreiðsla

„Það sem er nýtt í stefnunni og greinir hana frá fyrri stefnum er þessi megináhersla á að stórauka framboð á þjónustu opinberra aðila við almenning og fyrirtæki á netinu. Um leið er tekið á þáttum sem draga Íslendinga niður í könnunum sem hafa sýnt að Íslendingar standa öðrum þjóðum að baki hvað varðar rafræna þjónustu.

Kjarninn í þessari stefnu er að stórauka framboð á rafrænni þjónustu og gera fólki kleift að



Á vefsíðunni netoryggi.is má finna góð ráð 10 góð ráð um netnotkun

Vefsíðan www.netoryggi.is hefur það að markmiði að kynna netnotendum örugga notkun netsins. Á síðunni má til að mynda finna 10 góð ráð er stuðla að áhyggjulausri netnotkun.

Um leið og tölvan hefur verið tengd við netið, er notandinn kominn út í heim þar sem óhöpp og óþægindi geta orðið ef notkunin er óvarleg. Netnotandinn og aðrir verða að hafa ákveðnar reglur í heiðri til að forðast óhöpp og misnotkun. Þú losnar við allskonar óþægindi með tillitssemi og aðgætni.

10 góð ráð

-Sýndu öðrum tillitssemi og kurteisi á netinu.

-Ekki vinna á vélinni yfirleitt sem stjórnandi (administrator), heldur sem notandi (user). Spilliforrit (veirur, ormar o.s.frv.) eiga greiðan aðgang að öllu í tölvunni gegnum stjórnandann.

-Þú ert á hættusvæði ef þú ert að leita að ólöglegri tónlist,

myndefni, leikjum eða klámi. Hnappar í vafasömum sprettigluggum (pop-ups) geta virkjað allt annað. Lokaðu þeim á með X-hnappinum efst til hægri.

-Gefðu aldrei upp viðkvæmar upplýsingar skv. fyrirmælum í tölvupósti, s.s. kreditkortanúmer.

-Ekki gefa upp netfangið þitt til ókunnugra. Notaðu aukaneftingfang sem má skipta um ef ruslpóstur fer að berast.

-Ekki opna þau fylgiskjöl (attachments) í tölvupósti sem þú baðst ekki um.

-Taktu reglulega öryggisafrit af tölvugögnum, svo sem fjölskyldumyndum, og geymdu á öruggum stað.

-Uppfærðu stýrikerfið (Windows Update) reglulega, svo og annan hugbúnað, s.s. vefsja og veiruvarnir.

-Notaðu alltaf áhrifaríka eldveggi og öflugar varnir gegn spilliforritum.

dista@24stundir.is



Starfsnemar í starfsþjálfun

Árlega auglýsir utanríkisráðuneytið eftir almennum starfsnemum í starfsþjálfun. Starfsþjálfunin fer að öllu leyti fram hjá sendiráðum og fastanefndum Íslands erlendis og stendur yfir í um sex mánuði. Markmiðið er að gefa ungu fólki sem er að hefja starfsferil sinn færi á að kynna störfum utanríkisþjónustunnar en frekari upplýsingar má finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.



Sektir og viðurlög

Árið 1997 var tekið upp refsipunktakerfi á Íslandi en slíkt kerfi hafði reynst mjög vel meðal annarra þjóða. Kerfið gerir ráð fyrir að þeir brotlegu í umferðinni safni refsipunktum en utan þess þarf fólk að greiða ákveðna sekt. Á síðunni www.us.is/id/3971 er hægt að reikna út sekt fyrir hraðakstur og ölvunarakstur en vitanlega ættu allir að keyra varlega og fylgja lögum í umferðinni.



Umræða um samgöngur

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á umræðu á vef samgönguráðuneytisins. Þar verða kynnt mál sem eru til umfjöllunar í ráðuneytinu og leitast við að fá fram viðbrögð einstaklinga sem og hagsmunaaðila. Er þetta gert í því skyni að fá viðbrögð við málum sem eru nánast á hugmyndastigi áður en frekari vinna er lögð í málin. Viðbrögð eru send á netfangið: postur@sam.stjr.is.

NETRÍKIÐ ÍSLAND

Stefna ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið
2008 – 2012

STEFNAN Í HNOTSKURN

FRAMTÍÐARSÝN

Íslendingar verði fremstir þjóða í rafrænni þjónustu og nýtingu upplýsingatækni

LEIÐARLJÓS: Notendavæn og skilvirk þjónusta – engar biðraðir

Þjónusta

Ísland verði netríki – gæðaðþjónusta með sjálfsafgreiðslu á einum stað

Sjálfsafgreiðsla á Netinu – umsóknir, vottorð, tilkynningar, tímapantanir, gagnaskil

Netmiðstöð – öll þjónusta aðgengileg á einum stað á Island.is

Upplýsingaþjónusta – aðgengi að persónubundnum og almennum gögnum í vörslu opinberra aðila

Netborgarinn – gæðaðþjónusta miðuð við þarfir allra

Skilvirkni

Netríkið verði skilvirkt, einfalt og öruggt – gögn ferðist milli stofnana en ekki fólk

Samræmt heildarskipulag – stöðlun, samræming, samvinna og öryggi

Einfaldari stjórnsýsla – lykilverkefni

- Rafræn skilríki, rafrænar greiðslur, rafræn innkaup
- Samræmt aðgengi að lykilskrám í vörslu opinberra aðila
- Minni skriffinnsla, aukin sjálfvirkni
- Hindrunum rutt úr vegi, meðal annars lagalegum
- Störf óháð staðsetningu

Framþróun

Samkeppnishæfni netríkisins byggist á virku lýðræði, góðri menntun og öflugum atvinnulífi

Nýsköpun og rannsóknir – vera skrefinu á undan

Menntun – virk notkun upplýsingatækni við nám og kennslu

Samskipti og lýðræði – auknir möguleikar fólks til þátttöku í ákvarðanatökufærum opinberra aðila, tilraunir með rafrænar kosningar á sveitarstjórnarstigi

Atvinnulíf – áhersla á útvistun og notkun upplýsingatækni til að bæta alþjóðlegt samkeppnisumhverfi íslenskra fyrirtækja



Ýmsir möguleikar á breytingum að opnast Námsferill brátt aðgengilegur á rafrænu formi

Inna er upplýsingakerfi framhaldsskóla á Íslandi en vorið 2007 var gerður samningur á milli menntamálaráðuneytis og Skýrr um kaup og yfirtöku Skýrr á Innu. Jafnframt var hafin smíði nýs gagnagrunns, Skinnu, sem mun geyma þau gögn sem ráðuneytið þarfnast til að rækja hlutverk sitt.

Grunnurinn er viðmótslaus, gögn berast eftir fyrirfram skilgreindri veifjónustu frá skólakerfum og gögn skoðuð í gegnum vöruhúsviðmót.

Stefnir menntamálaráðuneytið nú að því að þau gögn sem það geymir í Skinnu verði aðgengileg þeim sem þar eiga námsferil. „Hugmyndin er að veita aðgengi að námsferlum á vefsíðunni Island.is þar sem geymdar verða persónulegar síður fyrir hvern einstakling. Þegar eru til rafræn gögn um námsferla í framhaldsskólum talsvert aftur í tímann, en nú er unnið að því að setja þau í splunkunýjan gagnagrunn, Skinnu, sem er mjög staðlaður þannig að gögnin verða skýrari og auðveldara að lesa úr þeim,“ segir Sigurður Davíðsson, sérfræðingur hjá skrifstofu menntamála.

Hæg heimatökin

Sigurður segir að upplýsingar

um námsferla í grunnskóla og lokapróf frá þeim séu á vegum sveitarfélaga og háskólarnir séu sjálfstæðir með sína námsferla. Því geti menntamálaráðuneyti ekki ákveðið að veita aðgang að þeim upplýsingum. Það muni hins vegar beita sér fyrir því að svo verði í samvinnu við sveitarfélögin og háskólana. Þannig verði námsferilskrá frá lokum grunnskóla upp í háskóla á einum stað og auðkenning fari fram með rafrænum skilríkjum. „Það vill svo til að nánast öll sveitarfélög landsins nota sama kerfið, Mentor, þannig að það eru hæg heimatökin ef vilji er fyrir hendi að veita aðgang að upplýsingum frá mismunandi skólastigum. Þessi hugmynd er hluti af þeim verkefnum sem við leggjum fram í nýrri stefnu ríkisstjórnar um upplýsingasamfélagið. Framvindan og hraðinn ræðst síðan af því hvaða fjárveitingar við fáum en hugmyndin er að ráðast í þetta verkefni í haust,“ segir Sigurður.

Í þessu skrefi er hugmyndin fyrst og fremst sú að nemendur eigi allan sinn námsferil rafrænan á einum stað. Innritun í framhaldsskóla er þegar orðin rafræn og ýmsir möguleikar að opnast fyrir breytingar í framtíðinni.

maria@24stundir.is



Tvíþættur gagnagrunnur sem fléttast saman Sparar gríðarlegan pappírs- og tímakostnað


Umhverfisstofnun hefur sótt um styrk til að koma á fót umsókn- og spurningagrunni á vefsíðu sinni. „Það sem við viljum gera er í raun tvíþætt en fléttast þó saman. Annars vegar viljum við setja upp spurningagrunn á netinu um skotvopn og veiðidýr þannig að fólk geti tekið æfingapróf áður en það fer í prófið og á námskeið. Með þessum grunni mun fólk geta eft sig í að svara spurningum og lært um leið þar sem svörin birtast við lok hvers prófs svo og lokaekinn. Hins vegar viljum við að menn geti skráð sig rafrænt á námskeiðin hjá okkur og erum nú að prófa okkur áfram með það. Það fara 500 til 700 manns á námskeið hjá okkur árlega og töluvert mikið af upplýsingum sem þarf að skrá inn t.d. nafn og kennitölu tveggja meðmælanda en þær upplýsingar fara síðan inn í sameiginlegan grunn sem lög-

reglan yfirfer,“ segir Áki Ármann Jónsson, sviðsstjóri fræðslu- og upplýsingasviðs Umhverfisstofnunar.

Rafræn veiðidagbók

Árið 2000 fékk stofnunin styrk til að koma á fót rafrænum skilavef og segir Áki að þar í gegn fari 90% af skilum á veiðiskýrslum og umsóknum um veiðikort og hreindýraveiðileyfi sem spari gríðarlegan pappírs- og tímakostnað. Hann segir ekki sérlega flókið að koma grunninum tveimur á fót þar sem þeir séu settir upp með sama kerfi og viss hagræðing sé fólgin í því. „Spurningagrunnurinn er dálítið flóknari í uppsetningu en aðalgaldurinn er að hann verði ekki of stór og hægvirkur þar sem fólk vill helst ekki að hlutirnir taki meira en 10 sekúndur á netinu,“ segir Áki.

maria@24stundir.is



Gott samstarf Þorvarður Kári Ólafsson, skilríkja- og öryggis-sérfræðingur Þjóðskrár, til vinstri, og Skúli Guðmundsson skrifstofustjóri.

Mynd/sbs

Miðlæg íslensk þjóðskrá fyrirmynd í ESB-verkefni

Pappírslausir Þjóðflutningar

Íslendingar eru aðilar að samstarfi fjórtán Evrópulanda sem hafa stofnað til tilraunaverkefnis á sviði gagnvirkra samskipta. Verkefnið byggir á notkun rafrænna skilríkja.

Eftir Sigurð Boga Sævarsson sigbogi@simnet.is

Þeir sem að verkefninu koma telja ávinning þess margháttaðan. Hér heima gegnir Þjóðskrá að mörgu leyti þýðingarmiklu hlutverki í samstarfinu og er þar horft til þeirrar reynslu sem starfsmenn hennar hafa á sviði rafrænna samskipta við flutninga fólks milli Norðurlandanna. Verkefni þetta tekur þó til margra fleiri þátta í rafrænni stjórnsýslu, enda er hún í örri þróun.

Allt er rafrænt

Í byrjun síðasta árs tók gildi nýr Norðurlandasamningur um almannaskráningu er varðar flutninga fólks milli landanna. „Meðan gamli samningurinn gildi varð fólk sem fluttist milli Norðurlandanna að hafa með sér

ÞJÓNUSTAN

- Víðtækt samstarf í gagnvirkum samskiptum
- Engir pappírir í Norðurlandaflutningum.

flutningstilkynningu og leggja hana fram hjá sveitarfélagi í því landi sem flust var til. Síðan sendi það sveitarfélag annað eyðublaðið til baka til sveitarfélagsins sem flust var frá í hinu landinu. Þá fyrst var hægt að ljúka formlegum flutningi milli landa,“ segir Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár.

„Áratugum saman hefur Norðurlandaskráning fólks verið miðlæg á Íslandi og hafa því hin löndin einungis þurft að hafa samskipti við Þjóðskrá. Við höfum aftur á móti þurft að hafa samskipti við fleiri hundruð sveitarfélög ytra. Með nýja samningnum tóku hin Norðurlöndin upp, ef svo má segja, hið íslenska fyrirkomulag svo nú fara öll samskipti fram með rafrænum hætti milli höfuðstöðva landanna. Í reynd þýðir þetta nú fyrir fólk að það þarf ekki að hafa með sér neina pappíra við flutninga milli Norðurlandanna. Þarf einungis að

gera grein fyrir sér í viðkomandi sveitarfélagi sem skráir flutninginn, sem verður um leið sýnilegur í hinu landinu.“

Aukið öryggi

„Á næstunni eru væntanleg raf-ræn skilríki, þar sem örfloðu með persónugreinanlegum upplýsingum verður komið fyrir. Það mun auka allt öryggi í gagnvirkum samskiptum og er að margra mati grundvöllur áframhaldandi þróunar á því sviði,“ segir Þorvarður Kári Ólafsson, skilríkja- og öryggis-sérfræðingur Þjóðskrár.

„Evrópusambandsverkefnið er til þriggja ára og einn af undirþáttum þess er þróun á flutnings-tilkynningum þar sem fólk notar rafræn skilríki. Þar verður við í samstarfi við Portúgala, Slóvena, Spánverja, Svía og Eista sem eru mjög framarlega í rafrænni stjórnsýslu og útgáfu rafrænna skilríkja. Ætlun okkar er sú að þróa þá lausn að fólk geti sest við tölvuna, gert þar grein fyrir sér með rafræna skilríkinu og tilkynnt um nýtt heimilisfang. Með því færi þá af stað ferli þar sem þú færðist sjálfkrafa inn í skrá viðkomandi lands og sem brottfluttur úr hinu landinu,“ segir Þorvarður.

Fyrirverandi breskir forsætisráðherrar á YouTube

Fróðleikur og skemmtun

Á vefsíðu breska forsætisráðuneytisins sem finna má á <http://www.number-10.gov.uk> má finna ýmislegt áhugavert og gagnlegt. Meðal annars má þar horfa á gamlar ræður fyrirverandi forsætisráðherra eins og Churchill og Margaret Thatcher.

Saga hússins

Á vefsíðunni má lesa ýtarlega sögu ráðherraþingastofnunarinnar sem vitað er um reis á lóðinni árið 1581. Var eigandi þess Sir Thomas Knyvet, sem þekktastur var fyrir að handtaka Guy Fawkes og var því í miklum metum hjá Elísabetu fyrstu drottningu. Fyrsti forsætisráðherra settist að í húsinu árið 1735 sem hefur síðan þá verið aðsetur forsætisráðherra. Í gegnum tíðina hafa miklar endurbætur verið gerðar á húsinu en



Downingstræti 10 Er vandlega gætt af laganna vörðum.

það skemmdist til að mynda nokkuð í seinni heimsstyrjöldinni.

Forsætisráðherra

Á síðu ráðuneytisins má einnig kynna sér ferilskrá núverandi forsætisráðherra, Gordons Browns, og finna upplýsingar um það

hvernig megi hafa samband við hann vilji maður koma einhverju á framfæri. Þá er sérstakur hluti hennar tileinkaður börnum þar sem þau geta á aðgengilegan hátt lesið sér til um sögu hússins og það sem hæst ber í fréttum


maria@24stundir.is



UT VEFURINN

VEFUR UM UPPLÝSINGATÆKNI

Kynntu þér stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2008-2012 í heild sinni á UT-vefnum – www.ut.is



Allt um rafræna stjórnsýslu á ut.is

Áskrift að fréttum og greinum



Vefrit menntamálaráðuneytisins má finna á heimasíðu þess en í nýjasta tölublaðinu má meðal annars lesa um málþing um nýja sjónvarps-tilskipun ESB, úthlutun verkefnastyrkja Menningarráðs Suðurnesja og peysufatadag Kvennaskólans. Á heimasíðunni er einnig hægt að gerast áskrifandi að fréttum og greinum frá ráðuneytinu.

Dýravernd

Umhverfisráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða dýraverndarlög. Markmið með endurskoðun laganna er m.a. að stjórnsýsla og eftirlýgni mála á sviði dýraverndar verði skilvirk og einföldust í framkvæmd. Í því sambandi verður skoðað hvort endurskoða þurfi þvingunarræði og viðurlög laganna. Nefndin á einnig að fara yfir efnisákvæði laganna varðandi vernd dýra og kanna hvort þörf sé á að auka þá vernd. Sjá enn fremur á: umhverfisraduneyti.is.



Rafræn rjúpnaveiðidagbók

Einu sinni á ári skila skotveiðimenn veiðiskýrslum á skilavef Umhverfisstofnunar óháð því hvort eitthvað var veitt eða ekki. Þeir sem hafa gefið upp netfang fá sent í janúar lykilorð sem þeir nota til þess að skila skýrslunni og greiða fyrir veiðikortið. Til að komast inn á vefinn þarf að skrá kennitölu og númer veiðikorts. Einnig geta þeir sem hafa aðgang skoðað rafræna rjúpnaveiðidagbók.



Styrkir til menningarmála

Menntamálaráðuneytið veitir styrki til lista og annarra menningarmála en umsóknir eru afgreiddar sex sinnum á ári og hægt er að sækja um styrkinn á vefsíðu ráðuneytisins. Umsóknin skal m.a. innihalda upplýsingar um umsækjanda og aðra sem koma að verkefni og markmiðum svo og upplýsingar um aðra styrki sem verkefnið hefur hlotið eða sótt hefur verið um.

Menntagátt á netinu

Greiður aðgangur að þjónustu og upplýsingum

Á vefsíðunni menntagatt.is má finna fjöldann allan af upplýsingum fyrir nemendur, kennara og foreldra. Er markmið Menntagáttar að veita greiðan aðgang að þjónustu og upplýsingum á netinu sem varða skólalíf, s.s. um námsefni, námskrár, erlent samstarf, styrki og ráðstefnur. Upplýsingunum er skipt niður í aðalflokka fyrir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.

Leikskólar

Undir þessum lið má kynna sér aðalnámskrá leikskóla svo og slóðir á hugbúnað og kennslusíður fyrir börn sem leikskólakennarar geta nýtt sér svo sem tungumálasíðu með ensku fyrir byrjendur. Undir liðnum foreldrar má einnig finna lista yfir félög, verkefni og stofnanir sem vinna að bættum hag barna. Til að mynda vefslóð Barnaverndarstofu og Félags einstæðra foreldra.


Grunnskólar

Hér má finna ýmiss konar upplýsingar fyrir kennara, lista yfir fagfélög þeirra og vefslóðir á ýmiss konar námsefni tengt mismunandi námsgreinum. Einnig geta nemandur hér sótt sér eldri samræmd próf til undirbúnings. Upplýsingar um skóla landsins, aðalnámskrá og ýmiss konar vefsíður má einnig finna á síðunni.

Framhaldsskólar

Undir þessum lið ber helst að

Breskir nemendur í námsferð njóta íslenskrar náttúru með gönguferð í Öræfum og virðast hafa gaman af.



nefna innritun í framhaldsskóla en umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 11. júní. Hér má einnig finna tengla í bæklinginn Námsaðloknum grunnskóla en megininn-

tak hans hefur verið þýtt á ensku, líthásku, pólsku, rússnesku, serbnesku, spænsku, taílensku og víetnömsku.

maria@24stundir.is



Okkar kaplar ná alla

leið



Mikið úrval af skiptiboxum, USB tækjum, USB breytum og ýmsum tengihlutum fyrir tölvur.

Eigum einnig mikið úrval af:

- Prentarakaplar, margar lengdir - Verð frá kr. 600.
- Hágæða skjákaplar, 1,8m - 30m langir - Verð frá kr. 1.800.
- 9 og 25 pinna kaplar, parallel og serial - Verð frá kr. 600.
- SCSI kaplar og breytistykki - Verð frá kr. 1.800.
- Hjól og myndkaplar í Scart - Mjög gott verð.
- USB og Firewire kaplar - Verð frá kr. 600.
- Flatkaplar - Mjög ódýrir.
- Straumkaplar margar gerðir.

Cat-5e og Cat-6 netkaplar



Hágæða netsnúruvefni frá Quabbin í Bandaríkjunum. 13 litir. Íslensk framleiðsla. Sérsmíðum eftir pöntunum.

Ljósleiðara kaplar



Ljósleiðara kaplar í miklu úrvali í lengdunum 0,5 - 20 metrar. Tengir: LC, SC og ST.

Mjög gott verð.

Eina sérværslun landsins með tölvukapla
Vörulisti á netinu: www.ortaeigni.is



Vinnustaðir ÖBÍ
Hátúni 10 - 105 Reykjavík
Sími: 552 6800 - Fax: 552 6809
ortaeigni@ortaeigni.is - www.ortaeigni.is

Vefur Hagstofunnar býr yfir upplýsingum

Færri gestir á hótélum í mars

Á vef Hagstofu Íslands, hagstofa.is, er hægt að ná í hinar ýmsu upplýsingar er varða íslenskt samfélag. Þar birtast einnig fréttir daglega um ýmsar niðurstöður er varða land og þjóð sem skemmtilegt er að forvitnast um.

Þar sem ferðasumarið er að þyrja er gott til þess að vita að heildarfjöldi gistinguvarða var 2,6 milljónir árið 2007 sem er um 7,6% aukning frá fyrra ári. Gistinguvarðum fjölgaði frá árinu 2006 á hótélum og gistiheimilum um 10,9%, 10,6% á farfluglaheimilum

og 1,0% á tjaldsvæðum. Fækkun gistinguvarða var 16,4% á svefnpoka-gistinguvarðum, 6,8% á heimagististöðum, 6,5% í orlofshúsabyggingum og 3,2% í skálum í óbyggðum.

Gistinætur á hóteli

Þá má sjá frétt um nýjar tölur er varða gistinætur í mars sl.

Gistinætur á hótélum í mars síðastliðnum voru 77.500 en voru 88.100 í sama mánuði árið 2007. Gistinguvarðum fækkaði því um rúm 12% milli ára, mest á Austurlandi (-22%), samanlögðu

svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða (-21%) og Suðurlandi (-20%). Hlutfallslega fækkaði gistinguvarðum mest á Austurlandi, úr 2.700 í 2.100. Á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða fækkaði gistinguvarðum úr 7.600 í 5.800 og á Suðurlandi úr 9.200 í 7.300. Á höfuðborgarsvæðinu fækkaði gistinguvarðum úr 64.300 í 56.900 eða um tæp 12%. Gistinguvarðum fjölgaði í mars á Norðurlandi um rúm 16% á milli ára, úr 4.600 í 5.400.



24stundir/Ásdís



Áfangaheitalisti á ensku

Það fylgir því talsverður undirbúningur að sækja um nám erlendis og umsóknarferlið getur vafist fyrir fólki. Á heimasíðu menntamálaráðuneytisins undir liðnum menntamál má finna orðalista sem getur auðveldað verkið nokkuð. Í honum má finna ensku heitin á aðaleinkunn, stúdentsprófi, öldungadeild og námsleiðum svo eitt-hvað sé nefnt. Einnig finnst þar listi áfangaheita á ensku.



Námskrá fyrir íslenskunám

Námskrá fyrir grunnnám í íslensku fyrir útlendinga má finna á heimasíðu menntamálaráðuneytisins undir liðnum útgefið efni. Þar má meðal annars finna upplýsingar um skipan náms, námsmat og áfangalýsingu. Við gerð námskrárinnar var viðmiðunarrámi Evrópuráðsins fyrir erlend tungumál hafður til hliðsjónar en ramminn auðveldar og samræmir mat á tungumálakunnáttu.



Umsagnir starfsgreina

Samgönguráðuneytið hefur ætíð leitast við að senda hagsmunaaðilum til umsagnar hvers konar drög að lagafrumvörpum og reglugerðum sem snerta viðkomandi starfsgrein en það eru ýmsir málaflokkar sem falla undir ráðuneytið. Þeir sem vilja fá send drög að frumvörpum eða reglugerðum á vegum ráðuneytisins eru beðnir að senda ósk þess efnis á tölvupóstfangið postur@sam.stjr.is.

Verkfræði Tölvunarfræði

VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ www.verk.hi.is



Skemmtilegt nám í örri þróun á traustum grunni

Nám sem býður upp á spennandi starfsmöguleika á fjölbreyttum sviðum.

- » Byggingarverkfræði
- » Efnaverkfræði
- » Fjármálaverkfræði
- » Hugbúnaðarverkfræði
- » Iðnaðarverkfræði
- » Rafmagnsverkfræði
- » Reikniverkfræði
- » Tölvunarfræði
- » Tölvuverkfræði
- » Umhverfisverkfræði
- » Vélaverkfræði

Rafræn skráning á www.hi.is

Samkvæmt lögum skulu kettir merktir Eigendur geta skráð örmerki á netinu

Á vefsíðunni <https://rafræn.reykjavik.is> má finna eyðublað fyrir ýmiss konar framkvæmdir og þjónustu. Á síðunni er t.d. hægt að láta skrá örmerki heimiliskattarins með því að slá inn kennitölu eiganda og örmerkið.

Allir vel merktir

Í samþykkt um kattahald í Reykjavík segir að samkvæmt lögum eigi allir kettir eldri en fjögurra mánaða að vera örmerktir af dýralækni skv. stöðlum Alþjóðastaðláráðsins. Strax að lokinni skráningu skulu eigendur katta síðan koma upplýsingum um númer örmerkis



og nafn og kennitölu eiganda til umhverfissviðs Reykjavíkurborgar sem heldur skrá um örmerkta ketti í Reykjavík. Einnig skulu kettir bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer.

maria@24stundir.is



Gagnagrunnur eyðublaða og upplýsinga

Leiðarvísir sem veitir auðvelt aðgengi

Leiðarvísirinn island.is veitir auðvelt aðgengi að opinberri þjónustu en síðan er upplýsinga- og þjónustuveita fyrir almenning með heildstæðum upplýsingum um þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Á síðunni er að finna hagnýtar upplýsingar í ýmsum efnisflokkum og fjölda tilvísana í efni og þjónustu sem finna má á vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga.

Efnisyfirlit

Alls eru 12 efnisflokkar á island.is en meðal þeirra má nefna húsnæði og heimili, neytendamál, innflytjendur og mannlíf. Á síðunni er yfirlit yfir stóran hluta eyðublaða og umsókna sem er að finna á opinberum vefjum en í fyrstu útgáfu eru yfir 1.200 eyðublað á island.is. Einnig eru yfir 1.000 orðskýringar á vefnum. Verkefninu hefur verið skipt

upp í þrjá áfanga: upplýsingagátt, þjónustugátt, aukin gagnvirkni og einstaklingsmiðuð þjónustugátt.

Í fyrstu útgáfu vefsíðunnar er að finna nokkuð umfangsmiklar upplýsingar í þeim málaflokkum sem boðið er upp á. Einnig eru krækjur á nær öll eyðublað á vefjum ríkis og sveitarfélaga. Island.is er langtímaverkefni sem verður í stöðugri þróun og er markmiðið að stuðla að aukinni gagnvirkni á netinu.

Aðengilegt fötluðum

Forsætisráðuneytið hefur einsett sér að gera vefsíðuna aðgengilega fötluðum notendum. Því hefur verið hönnun og vinnsla vefjarins verið tekið mið af reglum og viðmiðum sem Öryrkjabandalagið og Sjá ehf. hafa sett fram um aðgengismál. Einnig verður séð til þess að starfsfólk síðunnar fái þá þjálfun sem þarf til að framfylgja slíku.



Spennandi verkefni Geir Ragnarsson segir útfærslu á fyrirkomulagi rafrænna sveitarstjórnarkosninga vera spennandi.

Mynd/sbs

Nýstárlegt tilraunarverkefni í samgönguráðuneytinu:

Kosið rafrænt í þremur sveitarfélögum

Stefnt er að því að hægt verði að kjósa rafrænt til sveitarstjórnar í tveimur til þremur sveitarfélögum í næstu kosningum.

Eftir Sigurð Boga Sævarsson
sigbogi@simnet.is

Unnið er að undirbúningi þessa í samgönguráðuneytinu. Verkefnið framundan er ærið, enda þarf bæði að huga að fjölmörgum tæknilegum atriðum og auk þess þarf að breyta lögum um kosningar til sveitarstjórna. „Þetta er spennandi mál,“ segir Geir Ragnarsson, verkfræðingur hjá samgönguráðuneytinu, sem hefur umsjón með verkefninu.

Útstrikanir tæknileg útfærsla

„Forsenda rafrænna kosninga á kjörstað er rafræn kjörskrá. Hana ætti að vera til þess að gera auðvelt að setja upp. En til að geta boðið upp á rafrænar kosningar yfir netið þarf rafræn persónuskilríki sem væntanleg eru síðar á þessu ári. Búnaður á hefðbundnum kjörstað væri hefðbundin tölva með kortalesara.

FRAMTÍÐIN

- Rafrænar sveitarstjórnarkosningar 2010.
- Nýttist vel við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.
- Viðbót við hefðbundinn kjörfund.

Einnig gæti verið möguleiki á að nota snertiskjái. Þetta er í rauninni einfalt. Útstrikanir og breytingar á röðun á kjörseðli flækir málið töluvert. Þar þarf að finna tæknilega útfærslu sem gerir kjósendum auðvelt að notfæra sér möguleikann.

Geir leggur áherslu á að í byrjun yrðu rafrænar kosningar aðeins nýr valkostur til viðbótar við hefðbundnar kosningar.

Tileinkum okkur tæknina

„Eistar sem eru komnir mjög langt í þessari þróun hafa haldið rafrænar kosningar í tvgang. Í síðustu alþingiskosningum þar í landi nýttu þó aðeins 4% kjósenda sér að greiða atkvæði rafrænt, en aðrir kusu með hefðbundnum hætti með því að mæta á kjörstað,“ segir Geir sem hefur trú á að Íslendingar muni nýta sér

þennan valkost í meiri mæli. Reynslan sýni að þeir séu fljótir að tileinka sér nýja tækni svo sem í bankaviðskiptum yfir netið.

„Hér á landi sé ég fyrir mér til dæmis að opnað yrði fyrir kosningu yfir netið nokkrum dögum fyrir kjördag sem gæti nýst mjög vel til dæmis við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Ef kjósendum snýst hugur fram að kjördegi geta þeir endurtekið kosninguna á netinu eða þá mætt á kjörstað og greitt atkvæði þar. Við það ógildist fyrri atkvæðagreiðsla og síðasta kosningin gildir.“

Sveitarfélögin séu ólík

Ekki hefur verið ákveðið í hvaða sveitarfélögum landsins verður boðið upp á rafrænar kosningar árið 2010. „Við munum þróa þetta mál og vinna í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila, enda þarf að leysa úr fjölmörgum atriðum svo að þetta geti orðið að veruleika. Ég tel þó æskilegast að við myndum kjósa í sveitarfélögum sem eru ólík; hvað varðar landfræðilegar aðstæður, íbúafjölda og fleira. Þannig öflum við okkur bestar reynslu – og á þessum tíma skiptir hún raunar mestu,“ segir Geir Ragnarsson að síðustu.

Jákvæð reynsla kvenna af sjómennsku

Sjómennska ekki fyrir konur

Þó að það virðist ekki við fyrstu sýn þá getur verið ansi skemmtileg að vafra um á heimasíðum ráðuneytanna og ýmislegt fróðlegt sem þar má finna. Þannig má finna mjög áhugaverða skýrslu á heimasíðu samgönguráðuneytisins um vinnu kvenna á sjó, hlutverk þeirra og stöðu á Íslandi. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að konur eru í miklum minnihluta sjómanna og þær ná því sjaldnast að vera yfir 10 prósent þeirra. Ástæðu þess að konur sækja ekki sjóinn í meira mæli er einna helst að finna í menningarbundnum þáttum, í skiptingu vinnunnar í karla- og kvennastörf og takmörkuðum vilja fólks til að haga sér í ósamræmi við ímynd karlmennsku og kvenleika. Með þessari kynbundnu hugmyndafræði er ýtt



undir þá trú að sjómennska sé ekki hentugur starfsvettvangur fyrir konur. Konurnar sem rætt var við vegna skýrslunnar létu vel af því að vinna á sjó og engin þeirra áleit sig hafa liðið fyrir það að vera kona í því „karlastarfi“ sem sjómennskan er álitin vera. Algengara var að reynsla kvennanna af starfinu væri jákvæð en neikvæð og þeim fannst viðhorfin líka vera á þá leið.

svanhvit@24stundir.is



TÖLVUTENGT TÍMASKRÁNINGARKERFI MEÐ FINGRAFARALESARA!

Með TimeQplus Biometric kerfinu skráir starfsfólkið sig inn og út með því einu að leggja fingurinn í skynjarann!

Tengist beint við PC-tölvu eða á LAN/Internet.

Geymir allt að 30,000 færslur. Öflugur hugbúnaður heldur utan um færslurnar.



Otto B. Arnar ehf.

Þú þekkir okkur af gæðunum - og lága verðinu!

SKIPHOLTÍ 17 - 105 REYKJAVÍK

SÍMI: 588 4699

FAX: 588 4696

VEFSÍÐA: OBA.IS

NETFANG: OBA@OBA.IS



Leiðsögn fyrir frumkvöðla, lítil og meðalstór fyrirtæki

Nauðsynlegur hlekkur í nýsköpun

Impra er deild innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sem er til leiðsagnar fyrir frumkvöðla, lítil og meðalstór fyrirtæki en á heimasíðu Impru má finna margvíslegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar og styrkjaúthlutun.

Eftir Svanhvíti Ljósbjörgu
svanhvit@24stundir.is

Impra var stofnuð árið 1998 en deildin er til leiðsagnar fyrir frumkvöðla og lítil fyrirtæki og er því deild innan Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Kristín Halldórsdóttir, verkefnastjóri hjá Evrópumíðstöð Impru, segir mjög mikið um að fólk leiti til Impru eftir aðstoð og upplýsingum. „Þetta er þáttur í stuðningsumhverfi nýsköpunar sem kemur að stofnun fyrirtækja og nýjum áhugaverðum hugmyndum. Við sjáum um áttak til atvinnusköpunar, veitum styrki og stöndum að stuðningsverkefnum. Auk þess höldum við alls kyns námskeið sem miða að stofnun fyrirtækja og eigin reksturs og einna vinsælast þar er Brautargengi sem er námskeið fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og hefja eigin atvinnurekstur. Brautargengi er haldið tvisvar sinnum á ári og það komast alltaf færri að en vilja.“

IMPRA

- ▶ Impra veitir öllum frumkvöðlum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi leiðsögn, sama í hvaða atvinnugrein þau starfa.
- ▶ Impra starfrækir Frumkvöðlasetur hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands þar sem er mögulegt að fóstora níu ný fyrirtæki sem byggja á sérstöðu og nýsköpun.
- ▶ Upplýsingasetur hefur starfsaðstöðu í húsnæði Impru að Borgum á Akureyri en rekstur þess gerir almenningi kleift að leita sér upplýsinga um hugverkaréttindi.
- ▶ Heimasíða Impru er www.nmi.is/impra en þar má finna margvíslegar upplýsingar um starfsemina.

Frumkvöðlar um allt land

Auk þess segir Kristín að Impra haldi alls konar námskeið fyrir frumkvöðla út um allt land sem sé stuðningur við nýsköpun á landsbyggðinni. „Impra er nauðsynlegur hlekkur í nýsköpunarumhverfinu enda eru þar veittir ýmsir styrkir, til dæmis frumkvöðlastuðningur,“ segir Kristín og bætir við að Impra sé í Reykjavík, á Akureyri og með útibú á Höfn, í Vestmannaeyjum og á Ísafirði. „Þar eru starfsmenn sem ferðast mikið milli staða úti á landi.“

Kristín segir að það sé mismun-



andi hvernig fólk nýtir sér þjónustu Impru og nefnir eitt dæmi: „Ef fólk ætlar að stofna fyrirtæki í upplýsingateknigeiranum þá getur það komið hingað í handleiðslu.

Til dæmis er Evrópumíðstöðin tengd hópi í Evrópu sem nær utan um alla upplýsingatekni þar. Þar er hægt að komast í sambönd við aðila í öllum Evrópulöndunum ef

menn vilja flytja út sína þekkingu eða fá þekkingu annars staðar frá. Enda er upplýsingatekni þannig að það er alltaf nauðsynlegt að fylgjast með öllu nýju.“

ÖRUGG EYÐING GAGNAMIDLA

Gagnaeyðing ehf
Bæjarflöt 4
112 Reykjavík
Sími 568 9095
gagnaeyding@gagnaeyding.is
www.gagnaeyding.is

GAGNAEYÐING

Örugg eyðing gagna

Íslenska friðargæslan í stríðshrjáðum löndum

Stuðlað að friði

Það eru margir sem vilja láta gott af sér leiða, ferðast til stríðshrjáðra landa og stuðla að friði á allan mögulegan hátt. Þá er tilvalið að sækja um starf hjá íslensku friðargæslunni en allar upplýsingar um hana má finna á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

Íslensku friðargæslunni var komið á fót í núverandi mynd árið 2001. Einn helsti vandi stríðshrjáðra landa er að viðhalda friði. Í um helmingi þeirra landa þar sem friður hefur komist á hefjast vopnuð átök á nýjan leik innan fimm ára. Í meira en áratug hefur umræða á alþjóðavettvangi snúist um það hvernig brúa megi þá gjá sem hefur verið milli friðargæslu annars vegar og þróunaraðstoðar hins vegar. Í því sambandi hafa alþjóðastofnanir í auknum mæli litið til borgaralegra þátta friðar- og uppbyggingarstarfs. Þátttaka borgaralegra starfsmanna í friðargæsluverkefnum á vegum Íslands, sem hófst á síðasta áratug, hefur því



öðlast aukið mikilvægi.

Verk íslenskra friðargæsluliða í samstarfi við alþjóðasamtök og -stofnanir hafa verið margbreytileg. Í meginatriðum má segja að tvennt hafi verið haft að leiðarljósi. Hið fyrra er, að vera til taks þar sem íslensk reynsla og þekking nýtist best. Hið seinna er, að leggja sitt af mörkum til þeirra alþjóðastofnana, sem Ísland starfar í eða hefur samskipti við.



Greiðsla Þeir sem hafa ekki aðgang að jarðhita geta fengið niðurgreiðslu á húshitun.

Niðurgreiðsla á húshitun

Um 90 prósent landsmanna hafa aðgang að jarðhita til að kynda hús sín en íbúar þeirra svæða sem ekki hafa aðgang að jarðhita og kynda hús sín með raforku eða olíu njóta niðurgreiðslna á húshitun. Almenn umsýsla með niðurgreiðslum til húshitunar er í höndum Orkustofnunar, sem veitir frekari upplýsingar og á vef þeirra, www.os.is.

Heimilt er að veita styrki til nýrra hitaveitna sem lagðar eru á svæðum þar sem áður hefur verið kynt með rafmagni. Styrkirnir geta numið allt að átta ára áætluðum niðurgreiðslum á rafmagni eða olíu til húshitunar á orkuveituvæði viðkomandi hitaveitu miðað við meðalnotkun til húshitunar næstu fimm ár á undan.

Margir velja því fyrir sér hvort orku- og heitavatnsnotkunin sé eðlileg en oft má hafa gagn af viðmiðunartölum. Varmanýting verður að teljast góð þegar notuð eru 1,2-1,7 tonn (rúmmetrar) af heitu vatni fyrir hvern rúmmetra húsnaðis á ári. Á þetta við um meðalstór einbýlishús. Í stórum húsum þarf að öllu jöfnu hlutfallslega minna vatn en í litlum húsum, í fjölbýli ætti notkun t.d. að vera hlutfallslega mun minni, vegna færri útveggja íbúða. Reynslan sýnir að í gömlum húsum þarf yfirleitt meira vatn til upphitunar en í nýjum. Vatnsnotkun til upphitunar helst í hendur við veðurfar. Það er eðlilegt að notkun sé nokkuð mikil á veturna og lítil á sumrin.

svanhvit@24stundir.is

Fjölgun rafrænna eyðublaða og aukin sjálfvirkni

Auðveldari aðgangur fyrir notendur

Á næstu árum verður unnið markvisst að því að fjölga rafrænum eyðublaðum í félags- og tryggingamálaráðuneytinu enda sýna kannanir að Íslendingar eru eftir á í þeim málum þrátt fyrir mikla tölvufærni.

Eftir Svanhvíti Ljósþjórgu svanhvit@24stundir.is

Erlendar kannanir hafa sýnt að Íslendingar hafa ekki haldið í við þau lönd sem við viljum helst bera okkur saman við, hvað varðar rafræna þjónustu hins opinbera, að sögn Margrétar Erlendsdóttur, deildarstjóra á sviði stjórnsýslu og stefnumótunar í félags- og tryggingamálaráðuneytinu. „Það sem er svo athyglisvert er að Íslendingar eru mjög tölvufærir, tölvueign er mikil og fólk kann að nýta sér rafræna tækni. Það er mikil eftirspurn eftir þessari þjónustu en framboðið er ekki eins og það þyrfti að vera. Það þarf því að efla rafræna opinbera þjónustu.“

Aukin sjálfvirkni

Á næstu árum mun því verða unnið markvisst að því í félags- og tryggingamálaráðuneytinu að fjölga rafrænum eyðublaðum á borð við umsóknir vegna atvinnuleysisbóta, fæðingarorlofs og margt fleira. Margrét segir að markmiðið hjá ráðuneytinu sé að efla alla svona þjónustu, bæði fyrir sitt leyti og hjá stofnunum ráðuneytisins og að því verður unnið í samvinnu við þær. „Stærsta verkefnið sem tengist félagsmálaráðuneytinu í gegnum stofnanir þess er þjónustuvefur Tryggingastofnunar ríkisins en það er ýmislegt í þjónustu stofnana ráðuneytisins sem hægt er að hafa rafrænt, auka sjálfvirkni og auðvelda þannig fólk að bera sig eftir þjónustu. Það er þó ekki þannig að engin rafræn þjónusta sé í boði hjá stofnunum ráðuneytisins en hún er mislangt á veg komin. Grundvallarmarkmið er að þetta sé til góðs fyrir notendur, að auðvelda þeim aðgang og þetta á líka að koma sér vel fyrir starfsfólk þessara stofnana þannig að minni tími fari í

Margrét Erlendsdóttir:

„Það verður lögð áhersla á að allir eigi jafna möguleika.“



RAFRÆN ÞJÓNUSTA

- **Rafræn þjónusta hefur aukist jafn og þétt en þó er hægt að gera miklu betur, að mati Margrétar.**
- **Rafræn þjónusta er í nokkrum stigum, allt frá eyðublaðum sem þarf að prenta og senda yfir í rafræn kerfi þar sem afgreiðslan er meira og minna sjálfvirk.**
- **Sú rafræna opinbera þjónusta sem almenningur þekkir best er í sambandi við skattinn.**

pappírsvafstur og þá er hægt að einbeita sér að öðrum verkefnum. Meginmarkmiðið er að efla rafræna þjónustu hjá öllum stofnunum á öllum sviðum þar sem það er mögulegt.“

Jafnir möguleikar

Margrét segir að þó sé mikilvægt að halda því til haga að þegar rafræn þjónusta er í boði á netinu þá þýðir það ekki að fólk sem hefur ekki aðgang að tölvu hafi ekki tækifæri til að nýta sér víska þjónustu. „Það verður lögð áhersla á að allir eigi jafna möguleika. Nú þegar er töluvert af eyðublaðum sem má finna á netinu og fylla út en sjálfvirkni í afgreiðslunni er ekki fyrir hendi. Við stefnum á að það verði sem mest sjálfvirkni í afgreiðslu umsókna þar sem það er mögulegt,“ segir Margrét og bætir við að áhugi notenda á rafrænni þjónustu sé mikill. „Fólki finnst þetta þægilegt og aðgengilegt. Það eru svo óskaplega margir sem hafa tölvur og geta nýtt sér þá möguleika sem þær bjóða upp á.“

Eru þjónarnir of heitir?

Góð kæling lengir líftíma búnaðar og eykur afköst.
Kællausnir fyrir allar stærðir tölvuherbergja.

 **Ís-húsið**

Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogur
S: 566 6000 - www.ishusid.is

netverslun
ishusid.is



Af vef Tryggingastofnunar tr.is

Niðurgreiðsla vegna sálfræðipjónustu við börn

1. janúar 2008 tók gildi samningur á milli Tryggingastofnunar ríkisins og Sálfræðingafélags Íslands um sálfræðipjónustu við börn með alvarlegar geð-, hegðunar- og þroskaraskanir. Samningurinn er tilraunasamningur og gildir til 31. desember 2008.

Um niðurgreiðslu vegna kostnaðar gildir að fyrir liggja tilvísun þverfaglegs greiningarteymis til sálfræðings sem starfar samkvæmt samningi Tryggingastofnunar og Sálfræðingafélags Íslands. Greiningarteymi sem gert hafa samkomulag um tilvísanir við heilbrigðisráðherra starfa á Barna- og unglíngageðdeild Landspítala (BUGL), Miðstöð heilsuverndar barna og Sjúkrahúsi Akureyrar. Fjöldi meðferðartíma í tilvísun getur verið að hámarki tíu tímar og gildir tilvísunin í sex mánuði frá útgáfudegi. Hafi tilvísun ekki verið gefin út eða er eldri en sex mánaða tekur Tryggingastofnun ekki þátt í kostnaði við þjónustuna.

Tryggingastofnun greiðir hluta

Í HNOTSKURN

- Greiningarteymi gefur út tilvísun sem er að hámarki tíu tímar og gildir í 6 mánuði frá útgáfudegi.
- Aðeins er greiddur greiðsluhluti barns hjá sálfræðingi ef tilvísun er fyrir hendi.
- Enn sem komið er starfar einn sálfræðingur samkvæmt samningi milli samninganefndar heilbrigðisráðherra fyrir hönd Tryggingastofnunar og Sálfræðingafélags Íslands: Arnfríður Kjartansdóttir, Akureyri.

kostnaðar í samræmi við reglugerð 1266/2007 og samning Tryggingastofnunar og Sálfræðingafélags Íslands. Greiðsluhluti sjúklings samkvæmt reglugerðinni er 20% af heildarkostnaði eða 1.600 kr. og 10% ef sjúklingur er með afsláttarkort, þ.e. 800 kr.



metasys

100%
náttúrulegt

Fann orkumun á fyrsta degi...

Rétt eins og flest okkar upplifa, var Gíslína Sigurgunnarsdóttir, umsjónarmaður heilsuhornsins Fræsins í Fjarðarkaup, jafnan uppgefin þegar hún kom heim eftir langan vinnudag. Sjaldnast gerði hún mikið meira en að skella sér í þægilegri fót og upp í sófa. Allt þetta breyttist þegar hún hóf að taka Metasys hylkin fyrir tæplega hálfu ári. „Sem starfsmaður í heilsuhorninu sá ég að það var mjög vel keypt af Metasys og það var alltaf sama fólkíð sem kom aftur og aftur. Ég fór því að spyrjast fyrir um hylkin. Margir viðskiptavina minna töluðu um aukinn ferskleika, miklu meiri orku og ein kona sagðist halda niður sykursýki 2 með Metasys. Ég ákvað því að slá til, prófa og kanna hvort ég gæti losnað við þessa síþreytu. Strax á fyrsta degi fann ég fyrir aukinni orku, ég er ekki eins þreytt þegar ég tek hylkin og úthaldið er mun betra. Ég finn líka mikinn mun á skrokknum á mér. Núna hef ég auðveldlega úthald í nokkra klukkutíma í viðbót eftir vinnu. Einn helsti kostur Metasys er að það er 100 prósent náttúrulegt og án aukaefta en þannig vil ég einmitt hafa það.“



Gíslína Sigurgunnarsdóttir

Fleiri og fleiri Íslendingar kjósa Metasys til að grenna sig, bæta orkuúthald og heilsu, það hefur verið fáanlegt í rúm þrjú ár og aukast vinsældir þess ár frá ári.

Frekari upplýsingar um Metasys er hægt að finna á www.metasys.is

Metasys er fáanlegt í öllum apótekum, heilsubúðum, Hagkaup, Fjarðarkaup og Vöruvali Vestmannaeyjum.

Góð áhrif á húðina

Metasys hylkin höfðu góð áhrif á fleira en orkuna „Venjulega bæti ég á mig kílóum yfir jólin, einfaldlega vegna þess að ég borða meira á þeim árstíma en í ár grenntist ég þótt ég borðaði alveg jafn mikið segir Gíslína og hlær.“ „Áður en ég byrjaði að taka Metasys var ég með slæma húð og fékk mikið af bólum en nú er húðin mun betri. Metasys er mjög ríkt af andoxunarefnum og því mjög hreinsandi og er það ástæðan fyrir þessu jákvæðu áhrifum á húðina á mér“, segir Gíslína. „Þess vegna held ég áfram að taka hylkin og er mjög ánægð. Ég fæ ekki örari hjartslátt eða slíkt eins og margir finna fyrir þegar teknar eru inn aðrar brennslutöflur, ég finn bara fyrir frábærri orkubreytingu segir Gíslína að lokum, kát í bragði.“



metasys
ORKA-ÚTHALD-ÁRANGUR

www.emjans.is

Nokkrar góðar ástæður til að heimsækja Kópavog



Kópavogur
Menning og listir



Salurinn,
Tónlistarhús
Kópavogs

Sími: 570 0400
www.salurinn.is

Bókasafn
Kópavogs

Sími: 570 0450
www.bokasafnkopavogs.is



Náttúrufræðistofa
Kópavogs

Sími: 570 0430
www.natkop.is

Sundlaug
Kópavogs

Sími: 570 0470



Listasafn
Kópavogs,
Gerðarsafn

Sími: 570 0440
www.gerdarsafn.is

Kópavogskirkja

Sími: 554 1898



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Virðing, virkni og velferð að leiðarljósi

Á vefsíðu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar má kynna sér ýmiss konar kannanir og verkefni sem unnin hafa verið í tengslum við starfssvið sviðsins. Meðal efnis eru niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk á högum og líðan í grunnskólum Reykjavíkur árið 2007. Könnun um viðhorf notenda til félagslegrar heimþjónustu svo og könnun á högum og viðhorfi eldri borgara. Fleiri kannanir sem varða hag og velferð borgarbúa má einnig finna á síðunni svo og nemaverkefni. Efnið hefur mestallt verið sett inn sem pdf-skjöl og er því auðvelt og þægilegt til yfirlustrar. Velferðarsvið var stofnað í byrjun árs 2005



en sviðið ber ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þar með talið barnavernd og félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa. Kjörorð sviðsins eru virðing, virkni, velferð.



Rafrænn aðgangur íbúa að þjónustu

Fjöldi valmöguleika á Mitt Reykjanes

Vefsíðan Mitt Reykjanes.is var opnuð nýlega en hún er aðgangur íbúa að þjónustu og þátttöku í sveitarfélaginu. Í boði er fjöldi möguleika, svo sem umsóknir, umræður, erindi og eftirfylgni, samráð, valdar fréttir og fjölmargt annað. Á forsíðu hvers notanda birtast fréttir og tilkynningar á grundvelli þeirra áhugsviða sem viðkomandi hefur valið. Þá hafa þeir sem eiga börn á skólaaldri beinan aðgang að síðunni á Mentor. Á síðunni getur fólk einnig tekið þátt í umræðum sem eru öflugur vettvangur skoðanaskipta um tiltekið málefni hverju sinni.

Lykilorð sent

Til að nota vefsíðuna þarf að skrá sig inn með kennitölu og lykilorði. Allir íbúar Reykjanesbæjar eldri en 18 ára eru skráðir í Mitt Reykjanes og hafa lykilorð verið send í heimabanka þeirra en misjafnt er eftir bönkum hvar lykilorðið er vistað, þó oftast megi finna það undir Rafræn skjöl.

Íbúar Reykjanesbæjar sem ekki nýta sér þjónustu heimabanka, eða hafa ekki netbanka á sinni kennitölu, geta fengið lykilorð afhent á bæjarskrifstofu eða fengið það sent í pósti. Nýir íbúar í Reykjanesbæ geta fengið aðgang með því að smella á hnappinn Nýskráning undir innskráningarmyndinni.

Af vef Tryggingastofnunar, www.tr.is

Hvað er sjúklingatrygging?

Sjúklingatrygging veitir sjúklingum rétt til bóta í ákveðnum tilvikum fyrir líkamlegt eða geðrænt heilsutjón.

Þetta á við atvik sem þeir verða fyrir í tengslum við rannsóknir eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, á sjúkrahúsi erlendis á vegum Tryggingastofnunar, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hefur löggildingu heilbrigðisráðherra til starfans.

Sjúklingatrygging er sjálfstæð trygging og er ekki hluti allmannatrygginga.

Tryggingastofnun annast sjúklingatryggingu fyrir heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir sem ríkið á í heild eða að hluta og einnig vegna sjúkraflutninga og sjúklinga erlendis á vegum TR og „siglinganefndar“.

Aðrir, sem eru fyrst og fremst



heilbrigðisstofnanir sem eru ekki í eigu ríkisins og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmenn, kaupa sjúklingatryggingu hjá vátryggingafélögum. Sjúklingar sem orðið hafa fyrir heilsutjóni í tengslum við meðferð eða rannsókn hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum, þurfa því að beina bótakröfum sínum til vátryggingafélags viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns.

Góð þjónusta Einstaklingar geta fengið persónulegt heilsufarsyfirlit, segir Gunnar Alexander Ólafsson, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu.



Heilbrigðisráðuneytið þróar upplýsingamiðstöð á netinu

Leiðarljósið að auka þjónustu

Á vegum heilbrigðisráðuneytis er unnið að þróun sérstakrar upplýsingamiðstöðvar á netinu. Þar á að vera hægt að nálgast upplýsingar um heilbrigðismál á nánast öllum sviðum.

Eftir Sigurð Boga Sævarsson sigbogi@simnet.is

Þjónustumöguleikarnir verða fjölmargir. Með því að slá inn kennitölu getur fólk fengið uppgjöf til hvaða heilsugæslustöðvar því beri að leita og bókað tíma þar eða hjá sérfræðilæknum. Þá munu notendur geta talað við hjúkrunarfræðinga í netspjalli og fengið leiðbeiningar eða góð ráð. Margt fleira má nefna.

„Markmiðið með upplýsingamiðstöð heilbrigðismála er að gefa almenningi kost á að fá á einum stað upplýsingar um framboð þjónustu og fyrsta mat á því hvort veikindi séu alvarlegs eðlis eða ekki, með samskiptum við hjúkrunarfræðing í gegnum síma eða í gegnum netspjall. Við höfum að

BÆTT ÞJÓNUSTA

- **Áformað er að upplýsingamiðstöðin verði komin í gagnið fyrir lok næsta árs.**
- **Hægt verður að bóka tíma hjá heilsugæslunni eða sérfræðilæknum.**
- **Netspjall og heilsufarsyfirlit.**

leiðarljósi það markmið ráðuneytisins að auka þjónustu við almenn-ing og erum meðal annars í samstarfi við heilsugæslustöðina í Glæsibæ í Reykjavík sem starfrækir sérstakan upplýsingasíma,“ segir Gunnar Alexander Ólafsson, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu.

Auðvelda aðgengi

Áformað er að upplýsingamiðstöðin verði komin í gang fyrir lok næsta ár, gangi áætlanir ráðuneytisins eftir. Starfsfólk heilbrigðisráðuneytis hefur lagt línurnar varðandi vefsetrið og er gert ráð fyrir því að í haust hefjist vinna við þróun þess. „Bæði á fólk að geta fundið upplýsingar um þjónustu heilsugæslu og svo fíkrað sig áfram eftir annarri þjónustu. Gefum okk-

ur til dæmis að þú þurfir aðgerð á hné. Þá gætir þú á vefsetrinu fundið alla þá sérfræðinga sem annast slíkar aðgerðir og valið þann sem þér líst á eða þann sem fyrstur er með lausan tíma. Leiðarljós alls þessa er að auðvelda aðgengi og bæta þjónustu,“ segir Gunnar.

Persónulegt yfirlit

Annar möguleiki sem í boði verður á væntanlegri upplýsingamiðstöð er að fólk geti nálgast yfirlit yfir heilsufar sitt. Með rafrænn persónuskilríkjum opnast sá valkostur að fólk geti nálgast upplýsingar um sig; fengið yfirlit yfir læknisheimsóknir, lyfjanotkun, ónæmi, bólusetningar og fleira.

„Gert er ráð fyrir að einstaklingar geti með sínum rafrænu auðkennum skráð sig inn á lokaða síðu og fengið persónulegt heilsufarsyfirlit,“ segir Gunnar Alexander sem bætir við að hér sé vottun Persónuverndar lyklatríði. Til þessa hafi heilbrigðisþjónustan farið sér hægt í því að veita þjónustu yfir netið með tilliti til öryggis. Með tækniframförum síðustu ára hafi hins vegar tekist að koma málum í skýran farveg og nú sé þessi möguleiki að verða raunhæfur kostur.

Aðgengilegur og ýtarlegur vefur um ferðaþjónustu

Viðamikill gagnagrunnur

Á undanförunum árum hefur verið byggður upp viðamikill gagnagrunnur hjá Ferðamálastofu þar sem eru nú upplýsingar um vel á annað þúsund ferðaþjónustuaðila um allt land ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum fyrir ferðafólk, bæði á ensku og íslensku. Það er því tilvalið fyrir alla ferðalanga að kíkja aðeins á netið áður en lagt er af stað í ferðalagið þar sem fullyrða má að hér sé um að ræða heildstæðasta gagnagrunninn um íslenska ferðaþjónustu sem til er í dag og er hann alltaf að stækka. Í grunninum er meðal annars að finna ýtarlegar upplýsingar um gistingu, það er hótél, gistiheimili, bændagistingu, farfuglaheimili, sumarhús, skála og tjaldsvæði. Einnig skipulagðar ferðir af öllu tagi og samgöngur, svo sem rútur, báta, flug, bílaleigur,




Snæfellsjökull Ferðamálastofa hefur byggt upp viðamikinn gagnagrunn.

strætisvagna og leigubíla. Þá er þar að finna upplýsingar um hvenær söfn um allt land eru opin, lista yfir það sem er á döfinni, golfvelli, veiði, sundlaugar, reiðhjólaleigur og hestaleigur. Loks má nefna ýmsar fleiri hagnýtar upplýsingar, svo sem um upplýsingamiðstöðvar, ferðaskrifstofur, sendiráð erlendra

ríkja og ræðismenn, vegalengdir á milli staða og ýmislegt fleira. Skráning í grunninn er ferðaþjónustuaðilum að kostnaðarlausu og hann er öllum aðgengilegur á landkynningarvef Ferðamálaráðs, www.visiticeland.com og ferðavefnum www.ferdalag.is.

svanhvit@24stundir.is

ein gátt og allt klárt



ÞJÓNUSTUVEITA RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

upplýsingar
rafræn þjónusta

gagnvirkni
rafræn eyðublöð

afgreiðsla
umræðutorg

EFNISFLOKKAR ÞJÓNUSTUVEITUNNAR ISLAND.IS:

Atvinnulíf

Atvinnurekstur, Atvinnuleysi

Húsnæði og heimili

Eigið húsnæði, Leiguhúsnæði, Búferlaflutningar

Neytendamál

Kaup og samningar, Vöruöryggi, Verðlag og verðmerkingar, Ráðgjöf, kvörtun og réttaraðstoð

Fjölskyldan

Barneignir, Hjúskapur og sambúð, Dagvist, Börn og unglingar, Ólíkar fjölskyldur, Andlát

Ferðalög og samgöngur

Bíllinn, Innanlands, Til útlanda

Fjármál

Fjárhagur, Skattar

Mannlíf

Borgarinn og lýðræðið, Menning og listir

Efri árin

Lífeyrir og kjör, Búsetumál, Þjónusta, Erfðamál

Heilsa

Bráðþjónusta og heilsugæsla, Heilbrigðisþjónustan, Almannatryggingar, Réttindi sjúklinga, Ábyrgð á eigin heilsu

Öryrkjar/fatlaðir

Réttindi og fjármál, Aðbúnaður

Menntun

Skólar, Námsmenn, Skólakerfið

Innflytjendur


Fyrstu dagarnir, Dvalarleyfi, Atvinna, Íslenskunám og túlkþjónusta, Neyðar- og upplýsinganúmer, Réttindi og skyldur

Kynntu þér málið á
www.island.is

island.is

Kunnugleg sjón?

Ekki taka óþarfa áhættu. Láttu sérfræðinga Skýrr afrita og hýsa gögn fyrirtækisins á hagkvæman hátt. Allt á einum stað.



Gögn eru mikilvægustu auðlindir flestra vinnustaða og þau þarf að hýsa á öruggum stað og afrita á traustan hátt.

Skýrr býður fyrirtækjum hagkvæma og örugga rekstrarþjónustu fyrir hýsingu og afritun gagna.

Sérfræðingar Skýrr eru í fremstu röð. Skýrr er vottað samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001, ásamt því að vera samstarfsaðili VeriSign, stærsta öryggislausnafyrirtæki veraldar.

Hafðu samband strax í dag og fáðu nánari upplýsingar og tilboð.

Allt á
einum stað

569 5180
skyrr@skyrr.is

